


ÁRSSKÝRSLA SAMTAKANNA '78
2024-2025





PISTILL FORMANNS	4
PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA	6
SAMTÖKIN Í TÖLUM	7
VIÐBURÐAANNÁLL	8
STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR	10
ALPJÓÐASTARF	11
ILGA-Europe	
Regnbogakortið	
Árspaning ILGA-Europe	
Námskeið á vegum ILGA-Europe	
Norræn systurfélög	
Norræn ráðstefna um eldra hinsegin fólk	
Ræða á Arctic Circle	
Cities against LGBT+ hatred	
Samstarfsverkefni með Eistlandi	
EL*C	
NELFA	
Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR)	
Kvennaþing Sameinuðu þjóðanna í New York / CSW 68	
WPATH	
Tartu Pride	
Ljubljana Pride	
Heimsóknir á skrifstofu	
FÉLAGSSTARF	16
Félagatal, félagsgjöld og félagsskirteini	
Starfsemi í Regnbogasal	
Landsþing hinsegin fólks	
Samtökin '78 á Hinsegin dögum	
10–12 ára og 13–15 ára starf	
Grunnupplýsingar félagsmiðstöðvar	
Umbótaaðgerðir	
Fagstarfið	
16–17 ára starf	
18–30 ára starf	
Fullorðinsstarf	
FRÆÐSLUSTARF OG HINSEGIN VOTTUN	23
Almennt um fræðsluna	
Tölulegar upplýsinga	
Fræðsluteymi	
Próunarvinna	
Námsefni aðgengilegt á vefnum	
Hinsegin vottun	
Framtíð fræðslunnar	
Sértæk fræðsluerindi	
Gagnræðunámskeið	
Útgáfa fræðsluefnis	
HAGSMUNA- OG MANNRÉTTINDABARÁTTA	27
Greinaskrif starfsfólks og stjórnar	
Yfirlýsingar	
Aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks	
Hagsmunagæsla innan málaflokka	
Samskipti við félög	

Samskipti við stofnanir
Ríkislögreglustjóri
Jafnréttisstofa
Samskipti við ráðuneyti
Umsagnir til Alþingis
Forseti Íslands í heimsókn
16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi
Upplýsingaóreiða og falsfréttir
Könnun um viðhorf til hinsegin fólks
Skráning á alvarlegum atvikum
Kæur og lögreglumál
Laga- og reglugerðarbreytingar

MENNING OG SAGA 37

Hönnunarsamkeppni – Tákn fyrir kynhlutlaus rými
Hýrasta jólatréð 2024
Skráning Hinsegin daga á landsskrá Lífandi hefða
Borgarleikhúsið málþing: Hinseginleikinn í leikhúsinu
Raddir regnbogans
Pikknið – Borgarbókasafn
Sexual Outlaws and Model Citizens
Málþing á kynjaþingi: Hvernig kona má ég vera?

RÁÐGJÖF 40

Almennt um ráðgjafþjónustuna
Markmið ráðgjafarstarfsins
Ráðgjafateymi
Notendur þjónustunnar
Skjólstæðingar Samtakanna '78 sem leita að alþjóðlegri vernd
Tölfræði ársins 2024
Stuðningshópar og námskeið
Lögfræðiráðgjöf
Regnbogalínan
Þróun ráðgjafþjónustunnar
Framtíð ráðgjafarþjónustunnar
Neyðaraðstoð

SKRIFSTOFA, FJÁRMÁL OG REKSTUR 50

Samningur við forsætisráðuneytið
Samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið
Samningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Samningur við Alþingi
Þróun samninga frá 2016
Samningar við sveitarfélög
Regnbogavinir Samtakanna '78
Aðrir styrkir
Hinsegin kaupfélagið
Komandi rekstrarár
Starfsfólk
Verktakar
Starfsmenn á skrifstofu – European Solidarity Corps
Húsnæðismál
Heimasíða
Samfélagsmiðlar

STJÓRN, FÉLÖG, RÁÐ OG NEFNDIR	57
Aðalfundur 2024	
Félagsfundir	
Stjórn og áheyrnarfulltrúar	
Félagaráð	
Minningarorð	
Hagsmunaráð	
Ungmennaráð	
Félagstegir skoðunarmenn reikninga	
Starfshópar og nefndir innan Samtakanna '78	
Fagráð Samtakanna '78	
HAGSMUNAFÉLÖG	60
Hinsegin dagar – Reykjavík Pride	
Trans vinir	
Bangsafélagið	
HIN – Hinsegin Norðurland	
Hinsegin Vesturland	
Hinsegin kórinn	
Ásar á Íslandi	
Trans Ísland	
BDSM á Íslandi	
Q-félagið	
Intersex Ísland	
Önnur hagsmunafélög	
VIÐAUKAR	64
Fjölmiðlaskýrsla	
Fræðsluerindi	



Kæra samfélag – gjörið svo vel! Ársskýrsla Samtakanna '78 fyrir árið 2024!

Í henni er að finna mikilvægar upplýsingar um það fjölbreytta starf sem Samtökin '78 sinna, þá sigra og þær áskoranir sem okkur hafa mætt á umliðnu ári. Þetta er skýrsla um starf samtakanna ykkar og kemur hverju okkar því sannarlega við. Þar sem að farið er nokkuð ítarlega yfir síðasta ár í skýrslunni sjálfri langar mig að nýta þessar línur til þess að tala aðeins um samfélag og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir um þessar mundir.

Réttindamál hinsegin fólks standa framarlega á Íslandi, raunar vorum við í öðru sæti á Regnbogakorti ILGA Europe árið 2024 og í fyrsta sæti á korti TGEU yfir réttindi trans fólks. Það er auðvitað mjög gleðilegt en Ísland er ekki land í tómarúmi, aftengt frá umheiminum. Síðustu ár höfum við talað um að bakslag hafi orðið í viðhorfum til hinsegin fólks og við höfum rakið þetta bakslag að nokkru leyti til innfluttrar orðræðu, m.a. frá Bandaríkjunum. Það hefur verið óhugnanlegt að fylgjast með þróun mála í Bandaríkjunum síðustu vikur og mánuði. Það líður ekki dagur án þess að við fáum nýjar fréttir af aðför stjórnvalda þar í landi að réttindum hinsegin fólks og þeim afleiðingum sem slík aðför hefur í för með sér. Hinsegin fólk, sérstaklega trans fólk og sýnilega hinsegin fólk er hrætt og framtíðin er óviss. Þessar árásir á minnihlutahópa hafa áhrif út fyrir landamæri Bandaríkjanna, það erum við þegar farin að sjá í löndunum í kringum okkur.

Nú skiptir máli að hvert og eitt okkar leggi sitt af mörkum til þess að standa vörð um það samfélag fjölbreytileika og frelsis sem við höfum skapað okkur. Til þess verðum við að veita öllum innflutningi á pólitískum og samfélagslegum áhrifum viðspyrnu. Hinsegin fólk þekkir svo sannarlega viðspyrnu og baráttu. Við höfum áður þurft að standa saman til þess að stuðla að sjálfsögðum réttindum okkar. Við gátum það þegar við vorum ein og einangruð en í dag eigum við fjöldann allan af bandamönnum, nær allt íslenskt samfélag raunar, auk þess sem síðastliðin ár hafa íslensk stjórnvöld lagt sínar lóðir á vogarskálarnar. Við erum því enn betur í stakk búin nú en áður.

Hommar og lesbíur voru þau fyrstu sem komu úr felum hér á landi og börðust fyrir tilverurétt sínum, bæði lagalega og félagslega. Barátta þeirra, sýnileiki og sigrar, skóp jarðveginn fyrir alla þá flóru hinsegin fólks sem við þekkjum í dag. Það kann fyrir einhverjum að virðast eins og hópurnar sé orðinn of stór, of fjölbreyttur og skilgreiningarnar of margar – að við getum ómögulega skilið hvert annað. En það er ekki rétt. Eins og butch lesbían, trans

masc aktivistinn og rithöfundurinn Leslie Feinberg sagði; „Það sem aðgreinir okkur er ekki það sem er ólíkt með okkur. Það sem aðgreinir okkur er vangeta okkar til að viðurkenna, samþykkja og fagna því sem er ólíkt með okkur“.¹ Það sem aðgreinir okkur er einnig það sem tengir okkur saman. Við verðum samtímis að sjá það sem gerir okkur ólík og það sem sameinar okkur og það getum við gert ef við svo veljum. Það er mikilvægt að við munum að ekkert okkar er frjálst fyrr en við erum öll frjáls og að baráttan fyrir frelsi hvers einasta jaðarsetts hóps er samofin. Aðför að einu okkar er aðför að okkur öllum.

Allt það sem unnist hefur á þeim tæpu fimm áratugum sem liðnir eru frá stofnun Samtakanna '78, hefur unnist í samfélagi. Engin einn gerði allt og öll gerðu eitthvað. Hlutverk okkar innan hópsins eru á yfirborðinu misstór og misáberandi en ekkert okkar má þó vanta. Samband einstaklings og samfélags er í raun samhjálparkerli; Það er samfélag sem gerir hvert og eitt okkar sterkara. Allt sem við gefum af okkur til þess að stuðla að velferð annarra, styrkir okkur sjálf.

Orðið „samfélag“ hefur kannski sjaldan komið svo oft fyrir í svo fáum línum. En ég ætla ekki að afsaka það, því þetta er orð sem þarf að vera okkur leiðarljós. Okkur ber að rækta samfélag okkar til þess að heiðra þau sem lögðu allt í sölurnar fyrir okkur, okkur ber að rækta það fyrir þau sem á eftir okkur koma og okkur er nauðsyn að rækta það fyrir okkur sjálf. Ég hugsa að við séum flest sammála um mikilvægi samfélags en eigum það kannski til að gleyma því að okkar eigið persónulega framlag skiptir máli til þess að skapa umrætt samfélag.

Að lokum – Samtökin '78 eru samtök alls hinsegin fólks. Það þýðir að við vinnum fyrir allt hinsegin fólk, ekki bara skráða féлага. Ég vil engu að síður hvetja ykkur til að gerast félagar og styðja þannig við starfið. Ég hvet ykkur enn fremur til þess að koma og taka þátt með beinum hætti. Samstaða í verki skiptir máli.

Ykkar,
Bjarndís

¹“What separates us is not our differences. What separates us is our inability to recognize, accept, and celebrate those differences.”



Kæru vinir.

Það hefur verið mér mikill heiður og ánægja að koma til starfa fyrir Samtökin '78. Sú viðamikla starfsemi sem Samtökin okkar standa fyrir kom mér mjög mikið á óvart og eru mun veigameiri en ég hafði gert mér grein fyrir. Samtökin '78 eru svo heppin að búa að miklum mannaúði í öflugum starfsfólki, duglegum sjálfbóðaliðum og samfélaginu öllu sem styður við Samtökin með einum eða öðrum hætti.

Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að ég kom til starfa hef ég lært mikið. Það hefur vissulega ýmislegt gengið á en ljóst er að unnin hefur verið mikil vinna hér á síðastliðnum árum við gera áætlanir og ferla þegar upp koma erfið mál. Þau sem koma að starfi Samtakanna hafa í öllum tilfellum nálgast erfið viðfangsefni af yfirvegum en á sama tíma af festu.

Verkefni Samtakanna hafa aukist ár frá ári. Ráðgjafatímum hefur fjölgað, samningar við sveitarfélög hafa aldrei verið fleiri, nokkur fyrirtæki og stofnanir hafa lokið hinsegin vottun og biðlistinn eftir vottun er langur. Auk þess er rík krafa frá samfélaginu öllu um þjónustu og ráðgjöf frá okkar öflugum starfsfólki og sjálfbóðaliðum.

Samtökin '78 hafa verið svo lánsöm að hið opinbera hefur á síðastliðnu ári gert lengri og stærri samninga um styrkveitingar. Samhliða hefur Regnbogavinum fjölgað hratt en það eru einstaklingar sem veita Samtökunum mánaðarlegan styrk til að standa undir rekstrinum. Þrátt fyrir þetta stendur það fjármagn sem við fáum ekki undir þeirri þjónustu sem við erum að veita. Það er því alltaf keppikefli okkar að stækka kökuna og fjölga fjáröflunarverkefnum og líta í hvert horn hvernig fjármunum okkar er varið.

Við ætlum okkur stóra hluti. Við ætlum áfram að sinna þeim sem til okkar leita og veita framúrskarandi þjónustu. Við ætlum að fjölga þeim sem að starfinu koma og lítum stolt en auðmjúk á hlutverk okkar sem leiðandi afl fyrir samfélagið. Við ætlum að berjast öflug gegn öllu hatri og upplýsingaóreiðu. Þetta allt saman og meira til gerum við saman. Ég hlakka mikið til komandi ára!

Kári

451

FRÆÐSLUERINDI

11.608

FENGU FRÆÐSLU

1.435

RÁÐGJAFATÍMAR
Á ÁRINU

27

SKRÁÐ ALVARLEG
ATVIK

630

EINSTAKLINGAR
Í VIRKRI RÁÐGJÖF

70

EINSTAKLINGAR SEM
LEITA AÐ ALÞJÓÐ-
LEGGRI VERND

55

STUÐNINGSHÓPAR
Á ÁRINU

115

VIKULEG MÆTING Í
UNGMENNASTARF

1.526

SKRÁÐ Í FÉLAGIÐ

47

VIÐBURÐIR

209

UMFJALLANIR UM
SAMTÖKIN '78 Í
FJÖLMÍÐLUM

12

ÞJÓNUSTU-
SAMNINGAR VIÐ
SVEITARFÉLÖG

VIÐBURÐAANNÁLL

2024

15. janúar	Fundur um lífeyrismál
18. janúar	Bókaklúbbur: <i>On a Sunbeam</i>
24. janúar	60+ hittingur
8. febrúar	Bókaklúbbur: <i>DJ Bambi</i>
14. febrúar	60+ hittingur
22. febrúar	Bókaklúbbur: <i>Fellow Travelers</i>
8. mars	Aðalfundur
8. mars	Kvennaganga fyrir Palestínu
9. mars	Landsþing hinsegin fólks 2024
14. mars	60+ hittingur
21. mars	Bókaklúbbur: <i>Óskilamunir</i>
26. mars	Kváraðagurinn: Kviss á Loft
11. apríl	60+ hittingur
25. apríl	Bókaklúbbur: <i>Light of Uncommon Stars</i>
5. maí	Betra seint en aldrei
11. maí	Bókaklúbbur – Kvikmyndakvöld: <i>Wonder Woman</i>
15. maí	60+ hittingur
17. maí	Regnbogakort – Fögnum saman!
23. maí	Bókaklúbbur: <i>Policeman</i>
25. maí	Kynjaþing 2024
9. júní	Betra seint en aldrei
13. júní	Bókaklúbbur: <i>Mennska</i> með Bjarna Snæbjörnssyni
18. júní	60+ hittingur
4. júlí	Bókaklúbbur: <i>The Argonauts</i>
7. júlí	Betra seint en aldrei
14. júlí	Raddir Regnbogans – sumarhátíð með styrk frá Reykjavíkurborg


25. júlí	Bókaklúbbur: <i>Ljósbrott</i>
15. ágúst	Bókaklúbbur: <i>Left hand of Darkness</i>
22. ágúst	60+ hittingur
5. september	Bókaklúbbur: <i>Herbergi Giovannis</i>
8. september	Betra seint en aldrei
12. september	60+ hittingur
23. september	Bæjarins bestu á sýnileikadegi tvíkynhneigðra
3. október	Bókaklúbbur: <i>Drottningarnar í garðinum</i>
6. október	Betra seint en aldrei
20. október	Hinsegin prjónaklúbbur
23. október	60+ hittingur
24. október	Kvennaár 2025 í Bíó Paradís
28. október	Hinsegin börn og ungmenni í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi: Kynning á nýju fræðsluefni
3. nóvember	Hinseginleikinn í leikhúsinu: Málþing með Borgarleikhúsinu
10. nóvember	Betra seint en aldrei
19. nóvember	Kosningafundur Kvennaáars
21. nóvember	Bókaklúbbur: <i>Sumarbókin</i>
23. nóvember	Kynningarfundur – Skráning Hinsegin daga á landsskrá UNESCO
24. nóvember	Hinsegin prjónaklúbbur
8. desember	Betra seint en aldrei
12. desember	Öldungadeildin (áður nefnt 60+ hittingur)
15. desember	Hinsegin prjónaklúbbur

STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR

Stjórn ásamt starfsfólki lagði land undir fót í mars 2024 og ferðaðist til alla leið til Flateyrar á Vestfjörðum þar sem stefnt var á þriggja daga vinnuhelgi. Þetta reyndist hin mesta ævintýraför en færð var ekki hin besta. Á laugardagsmorgni lá fyrir að veður ætti eftir að versna mikið og hætt við að stjórn og starfsfólk yrði innlyksa dögum saman. Það var því ákveðið að leggja aftur af stað til Reykjavíkur, innan við sólarhring eftir brottför. Það vannst því ekki tími til þeirra stefnumótunar sem áætluð hafði verið. Stjórn ákvað þess í stað að vinna áfram eftir þeirri stefnu sem sett var af fyrri stjórn og fara í stefnumótunavinnu við fyrsta tækifæri. Enn er unnið eftir þeim grunngildum sem stjórn 2021-2022 setti sér og kynnti fyrir félagsfundi sem og félagaráði og hagsmunaráði. Ofan á þau gildi byggði stefnumótun ársins 2025 þar sem lögð er sérstök áhersla á eftirfarandi málefni;

- Kvennaárið 2025 - Samtökin '78 taka þátt í kvennaárinu ásamt fjölda annarra samtaka
- Efla gagnræðuverkefni Samtakanna '78
- Tví- og þankynhneigðir
- Eldra hinsegin fólk (60+)
- Undirbúningur afmælisársins 2028

GRUNNGILDI SAMTAKANNA '78



Samtökin '78 sinna alþjóðastarfi af miklum krafti, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Félagið er meðlimur í þremur evrópusamtökum hinsegin fólks: ILGA-Europe, NELFA og EL*C. Þá eru Samtökin '78 virk í alþjóðasamstarfi í gegnum sértæk alþjóðaverkefni, ráðstefnur og vinnustofur.

ILGA-EUROPE

ILGA-Europe eru regnhlífarsamtök hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu. Samtökin '78 eru stoltur meðlimur þeirra og hafa á undanförunum árum getað nýtt sérfræðipækkingu þeirra til stuðnings starfinu, m.a. með því að sækja til þeirra ráðgjöf í erfiðum aðstæðum.

REGNBOGAKORTIÐ

Regnbogakort ILGA-Europe, sem mælir lagaleg réttindi hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, er gefið út 17. maí ár hvert, á alþjóðlegum degi gegn hinsegin fordómum. Árið 2024 skipaði Ísland 2. sæti Regnbogakortsins, en til samanburðar var Ísland í 5. sæti árið 2023.

Við útgáfu kortsins árið 2024 uppfyllti Ísland 83% af lagalegum réttindum hinsegin fólks, sem er hækkun um þrettán prósentustig frá 2023. Staða Íslands í dag skiptist svo í eftirtöldum flokkum:

Heildarstaða Íslands í lagalegum réttindum hinsegin fólks: 83%



Jafnrétti og bann við mismunum: 94%



Fjölskyldumál: 90%



Hatursorðræða og hatursglæpir: 64%



Lagaleg viðurkenning á kyni: 100%



Líkamleg friðhelgi intersex fólks: 50%



Funda-, félaga-, og tjáningarfrelsi: 100%



Málefni hinsegin hælisleitenda: 50%



Stærstu breytingarnar milli ára voru annars vegar gildistaka laga um bann við bælingar meðferðum, bæði vegna kynhneigðar og kynvitundar, og ákvæði um refsíþyngingar vegna hatursglæpa í almennum hegningarlögum vegna kynhneigðar, kynvitundar og kyneinkenna.

Samtökin '78 fögnuðu þessum góða árangri Íslands í alþjóðlegu samhengi með opinni móttöku í Kvennaskólasalnum við Austurvöll þann 17. maí.

ÁRSPING ILGA-EUROPE

Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri, sótti ársþing ILGA-Europe sem haldið var í Búkarest í Rúmeníu dagana 16.-19. október. Auk hans sótti Kitty Anderson, formaður Intersex Ísland, ráðstefnuna. Það voru rúmensku samtökin ACCEPT og MozaiQ sem höfðu veg og vanda að skipulagningu ráðstefnunnar.

Yfirskrift ráðstefnunnar var „The call to courage“ og var orðræðan í alþjóðasamfélaginu til umræðu þar sem réttindi hinsegin fólks eiga sífellt meira undir högg að sækja. Á ráðstefnunni var mikill fjöldi fyrirlestra, vinnustofa og erinda þar sem leitað var leiða til að leiða ráðstefnugesti saman og ræða úrræði og lausnir á þeim vanda sem blasir við samfélaginu okkar.

Ástandið í Palestínu og Ísrael og stríðið í Úkraínu voru einnig mikið til umræðu á ársþinginu en gestir voru um 430 talsins frá 53 löndum í Evrópu og Mið-Asíu.

NÁMSKEIÐ Á VEGUM ILGA-EUROPE

ILGA-Europe heldur reglulega námskeið og vinnustofur fyrir meðlimi sína. Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri, sótti tveggja daga staðnámskeið á vegum ILGA-Europe sem fjallaði um krísusamskipti fyrir félög hinsegin fólks í maí. Magnús Bjarni Gröndal, rekstrarstjóri, sótti tvö fjarnámskeið á vegum ILGA-Europe á árinu. Annað fjallaði um öryggi á viðburðum og hitt um bestun á samfélagsmiðlum.

NORRÆN SYSTURFÉLÖG

Samtökin '78 áttu í góðu og þéttu samtali við norræn systurfélög sín á árinu 2024, þá sérstaklega við RFSL í Svíþjóð og LGBT+ Danmark í Danmörku. Tengsl Samtakanna '78 við norræn félög hafa styrkst á undanförunum árum með þátttöku í ráðstefnum og vinnustofum þvert á Norðurlöndin. Samtökin '78 hafa sérstakan áhuga á því að auka vest-norrænt samstarf.

NORRÆN RÁÐSTEFNA UM ELÐRA HINSEGIN FÓLK

Samtökin '78 tóku virkan þátt í norrænu samstarfi um málefni eldra hinsegin fólks á árinu og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri, átti sæti í vinnuhópi sem kom að undirbúningi norrænnar ráðstefnu í málefnum eldra hinsegin fólks í Stokkhólmi, sem RFSL stóðu fyrir með stuðningi NIKK og norrænu ráðherranefndarinnar.

Ráðstefnan bar heitið Nordic Queer Aging Conference og var haldin dagana 4.–6. október 2024. Samtökin '78 sendu glæsilega tólf manna sendinefnd á ráðstefnuna og tóku þátt í pallborðum og umræðum, en í Stokkhólmi var einnig samþykkt yfirlýsing með hvatningu til norrænna stjórnvalda með ákalli um aðgerðir í málefnum eldra hinsegin fólks.

Í sendinefndinni voru, í stafrófsröð: Ágústa Kristín Árnadóttir, Bjarndís Helga Tómasdóttir, Edda Sigurðardóttir, Guðbjörg Ottósdóttir, Herdís Björnsdóttir, Ragnhildur Sverrisdóttir, Sigríður Birna Valsdóttir, Sigurður Ýmir Sigurjónsson, Sveinn Kjartansson, Unnur Þöll Benediktisdóttir, Viðar Eggertsson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir.

Ráðstefnan var góð innspýting í áframhaldandi vinnu innan málaflokksins innan Samtakanna '78.

RÆÐA Á ARCTIC CIRCLE

Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður, flutti ræðu á sérstökum fundi Norðurlandaráðs um hinsegin réttindi á árlegri ráðstefnu Arctic Circle í Hörpu 18. október 2024. Þar lagði hún áherslu á samstöðu hinsegin fólks á heimskautasvæðinu, mikilvægi vestnorræns samstarfs og þess að Ísland nýti forréttindastöðu sína til góðs.

CITIES AGAINST LGBT+ HATRED

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri, sótti vinnustofu í Ósló í október sem skipulögð var af Nordic Safe Cities í samstarfi við Montréal borg og Centre for the prevention of radicalization leading to violence. Þar var hún ásamt fulltrúum Reykjavíkurborgar og Trans Íslands og flutti erindi um gagnræðupjálfun og nálgun Samtakanna '78 í þeim efnum.

SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ EISTLANDI

Samtökin '78 hófu á árinu samstarf við eistnesk mannréttindasamtök og eistnesk samtök sem starfa með ungmennum. Verkefnið ber heitið: *Empowering Youth Workers: Advancing Human Rights and Equal Treatment through Estonian-Icelandic Cooperation*. Verkefnið er styrkt af Active citizens fund.

Fulltrúar eistnesku samtakanna komu í námsferð til Íslands í október og heimsóttu meðal annars Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar, hinsegin httinga í Hafnarfirði, Samfés og kynntu sér 16–17 ára starf Samtakanna '78. Auk þess funduðu fulltrúarnir með starfsfólki og stjórnarfólki Samtakanna '78 og lögðu grunn að áframhaldi verkefnisins.

Í byrjun mars 2025 fara svo fimm fulltrúar Samtakanna '78 til Eistlands og munu m.a. taka þátt í vinnustofu með eistnesku starfsfólki félagsmiðstöðva.

EL*C

Snemma á árinu 2024 sóttu Samtökin '78 um aðild að EL*C, EuroCentralAsian Lesbian* Community. Þann 30. apríl var aðildin samþykkt og eru Samtökin '78 nú fullgildur meðlimur í þessum samtökum allra hinsegin kvenna í Evrópu. Stefnt er á að senda fulltrúa frá Samtökunum '78 á ráðstefnu félagsins í Róm árið 2025.

NELFA

Samtökin '78 hafa frá árinu 2019 verið meðlimir NELFA, Network of European LGBTIQ* Families Associations, sem eru regnhlífarsamtök félaga hinsegin fjölskyldna. Félagið berst fyrir réttindum hinsegin fjölskyldna í álfunni, m.a. ferðafrelsi þeirra innan evrópska efnahagssvæðisins.

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSTOFNUN ÖSE (ODIHR)

Samtökin '78 sendu mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE (ODIHR) yfirlit yfir hatursglæpi gegn hinsegin fólki sem tilkynnt voru til félagsins árið 2023. Atvikin voru færð inn í opinbert yfirlit stofnunarinnar, sem birt var haustið 2024.

KVENNAÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í NEW YORK / CSW 68

Í mars 2024 fór Bergrún Andradóttir, skrifstofustjóri, á Kvennaþing Sameinuðu þjóðanna í New York borg. Þetta er í annað sinn sem Samtökin '78 senda fulltrúa á Kvennaþing en málefni hinsegin fólks eru stöðugt meira til umfjöllunar á ráðstefnunni sem er haldin í höfuðstöðvum SP á Manhattan.

Samtökin '78 tóku þátt í málstofu Stígamóta, Landsskrifstofu UN Women, Kvenréttindafélags Íslands og BSRB þann 14. mars sem bar heitir Why Icelandic Women and Non-Binary People Went on Strike, og fjallaði um samband kynbundins ofbeldis og kynjaðs launamunar og Kvennaverkfallið þann 24. október 2023. Innlegg Samtakanna var samþætting í kvennabaráttu, stuðningur við trans konur og kynsegin fólk og sögulegt samhengi samvinnu kvenna- og hinsegin baráttu.

Aðaldagskrá Sameinuðu þjóðanna einkenndist af umræðu um fjárhagslegt frelsi, og sótti Bergrún málstofuna Norræn nálgun á kynjajafnrétti og fjárhagslegt frelsi kvenna, auk þess að sækja fund um stöðu kvenna á Gaza. Hliðardagskrá hinsegin félagasamtaka var nokkuð glæsileg og til að mynda sótti Bergrún málstofuna *Lesbian Resistance: Socio-Economic Impact of Anti-Gender Movements on LBQ Communities* á vegum Global Lesbian Coalition, LesLac, EL*C, Asia Feminist LBQ Network og South African LBQ Women's Network. Samtökin '78 þakka félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrir boðið á Kvennaþing Sameinuðu þjóðanna og vonast til að halda í þau góðu sambönd sem mynduðust á þinginu.

WPATH

Mikilvægt er fyrir Samtökin '78 að hafa góða yfirsýn yfir þróun mála í heilbrigðisþjónustu trans fólks á heimsvísu. Alþjóðleg ráðstefna WPATH (World Professional Association for Transgender Health) var haldin í Lissabon 23.–30. september, en fyrir hönd Samtakanna '78 fóru Sigríður Birna Valsdóttir, teymisstýra ráðgjafa, og Kristmundur Pétursson, varaformaður. Dagskrá ráðstefnunnar samanstendur af vinnustofum og fyrirlestrum um nýjar rannsóknir og álitamál í heilbrigðisþjónustu trans fólks. Þar hittist fagfólk og sérfræðingar alls staðar að úr heiminum og ræðir saman á gagnrýninn hátt um þær vinnureglur sem eru við lýði í heilbrigðisþjónustu trans fólks og um niðurstöður rannsókna.

TARTU PRIDE

Kári Garðarsson framkvæmdastjóri Samtakanna '78 fór til Eistlands í ágúst og sótti Tartu Pride þar í landi. Heimsóknin var liður í því að styrkja tengsl Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Samstarfið heldur svo áfram sumarið 2025 með ráðstefnu í tengslum við Baltic Pride í Vilnús.

LJUBLJANA PRIDE

Ljubljana Pride Association bauð, með stuðningi Evrópusambandsins, tveimur fulltrúum frá Samtökunum '78 á alþjóðlega ráðstefnu og vinnustofu í tengslum við Ljubljana Pride í Slóveníu, en Ljubljana Pride gegna mikilvægu hlutverki í réttindabaráttunni þar í landi. Fulltrúar Samtakanna '78 voru Vera Illugadóttir, ritari, og Magnús Bjarni Gröndal, rekstrarstjóri.

HEIMSÓKNIR Á SKRIFSTOFU

Umfram hefðbundið alþjóðastarf taka Samtökin '78 reglulega á móti fólki erlendis frá í húsnæði félagsins. Árið 2024 tókum við á móti hópi frá Snorri Program, kennurum og nemendum frá Evrópuskólanum í Brussel, alþjóðlegum hópi á vegum Verkmenntaskóla Austurlands auk hóps í norrænu samstarfi ungmenna gegn hatursorðræðu á vegum Heimilis og skóla.

FÉLAGSSTARF

FÉLAGATAL, FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI

Félagar Samtakanna '78 eru 1.533 þegar þetta er skrifað og hefur fjölgað um 40 á starfsárinu. Það fyrirkomulag að bjóða upp á þrjú félagsgjöld hefur reynst vel. Í boði er almennt gjald upp á 5.900 kr., lægra gjald upp á 2.900 kr. og þriðja gjald upp á 500 krónur. Með því að halda félagsgjaldinu lágu reyna samtökin að vinna gegn því að hinsegin fólk veigri sér við að taka virkan þátt í starfinu vegna efnahagslegrar stöðu. Félagssólk velur sjálft hvaða gjald þau vilja greiða og er engra útskýringa krafist. Einfalt er að uppfæra félagsgjald, sem og aðrar upplýsingar í félagatali á vefnum okkar, undir síðunni „Gerast félagi“.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2024 námu 3.674.500 kr. Þetta er um það bil svipuð upphæð og fyrri ár. 790 einstaklingar greiddu félagsgjöld fyrir árið 2024.

Reynslan af rafrænum félagsskírteinum hefur verið góð en það háir útgáfu þeirra hve fá á félagatali hafa þar skráð tölvupóstfang. Nauðsynlegt er að hafa tölvupóstfang til að geta sent út hlekk til að sækja skírteinið. Á sjötta hundrað sóttu skírteinið sem er svipaður fjöldi og árið áður. Skírteini á pappírformi voru ekki gerð í ár þar sem enginn félagi óskaði eftir slíku í fyrra.

Hýsing skírteinanna er í höndum Smart Solution. Til að gæta allrar persónuverndar þá eru félagsskírteinin ekki persónugreinanleg, því á þeim er ekki að finna kennitölu heldur einungis félaganúmer sem aftur eru orðin hluti af félagatali Samtakanna '78. Nú geta félagar einfaldlega auðkennt sig með félaganúmeri. Félagsskírteinin, félaganúmerin og fleira því tengt má lesa nánar um á vefsíðunni okkar.

STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Regnbogasalurinn, eða alrýmið að Suðurgötu 3, er að venju afskaplega vel nýttur. Hann er félagsheimili, fundarsalur, biðsalur, viðburðasalur, matsalur og allt þar á milli. Í stuttu máli nýtir félagið salinn undir allt sitt starf. Innra starf nýtir salinn í bókaklúbb, þrjónaklúbb, fundi með öðrum félagasamtökum, stuðningshópa, gagnræðunámskeið, fundi með stofnunum og hann er einnig nýttur undir stjórnarfundum Samtakanna '78 sem eru hálfsmánaðarlega.

Opinberar heimsóknir eru einnig í Regnbogasal, til að mynda heimsótti forseti Íslands Halla Tómasdóttir samtökin í desember síðastliðnum. Alls 6 stuðningshópar nýta rýmið reglulega, auk þess sem ungmennastarfið og virkjinámskeið nýta salinn. Eins og fyrri ár hafa Trans Ísland og Hinsegin dagar afnot af salnum undir stjórnarfundum og aðra starfsemi en Q félagið, BDSM félagið og Bangsafélagið nota salinn einnig undir viðburði á sínum vegum, til dæmis fræðslukvöld, vísindaferðir fyrir nemendafélög Háskóla Íslands og almennt félagsstarf. Á venjulegum degi má gera ráð fyrir að í kringum fimmtán manns nýti salinn, auk starfsfólks.

Regnbogasalur er einnig móttökurými líkt og endranær og sjálfbóðaliði frá ESC verkefniinu hefur tekið á móti fólki undanfarið ár. Á árinu fengu Samtökin '78 einnig veglega gjöf með nýjum sófa og stól sem hefur frikkað upp á rýmið og fær velunnari félagsins þakkir fyrir góða sendingu. Við þökkum öllum þeim sem hafa heimsótt okkur á liðnu starfsári.

LANDSPING HINSEGIN FÓLKS

Samtökin '78 hófu starfsárið 2024, líkt og síðustu ár, á Landsþingi hinsegin fólks með glæsilegum aðalfundi og ráðstefnudagskrá. Aðalfundur fór fram þann 8. mars í

Hátíðarsal Iðnó þar sem kjörið var í embætti formanns og í stjórn. Fundi stjórnaði Baldur Þórhallsson. Nánari upplýsingar um aðalfund má finna í sérstökum kafla í skýrslu þessari.

Ráðstefnudagskrá þann 9. mars var þétt og vel sótt að vanda, en hún fór einnig fram í Iðnó eins og fyrri ár. Hörður Torfason flutti opunarávarp og viðburðirnir sem á eftir fylgdu í Hátíðarsalnum voru „HIV-faraldurinn og áhrif hans á kynslóðir homma, tví- og þankynhneigðra karla“, „Þurfum við hinsegin samfélag“, „Þróun dragsenunnar á Íslandi“ og „Stefnumót kynslóða: speedfriending“. Í Sunnusal voru viðburðirnir „Saga tvíkyndhneigðar á Íslandi“, sýning á myndinni Paris is Burning og pallborðið „Hvernig varðveitum við söguna?“.

Um kvöldið var haldið Samtakaball í Hátíðarsalnum, þar sem GóGó Starr tróð upp auk þess sem hljómsveitin Gender benders léku fyrir dansi og DJ Sunna Ben lokaði kvöldinu. Samtökin '78 þakka þeim sem tóku þátt í dagskrá og sóttu viðburði á Landsþingi.

SAMTÖKIN '78 Á HINSEGIN DÖGUM

Hinsegin dagar 2024 voru litskrúðugir að vanda og Samtökin '78 óska félaginu hjartanlega til hamingju með glæsilega hátíð. Hátíðin var sett fyrir framan Spennistöðina við Barónstíg, sem hýsir Hinsegin félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar og Samtakanna '78. Þar máluðu Hrefna Þórarinsdóttir forstöðukona, Snæ Humadóttir fulltrúi félagsmiðstöðvar, Einar Þorsteinsson borgarstjóri, Helga Haraldsdóttir formaður Hinsegin daga og Bjarndís Helga Tómasdóttir formaður Samtakanna '78 risastóran inngildandi framfarafána (inclusive progress pride) sem verður varanlegur við Spennistöðina.

Yífr hátíðina snýst starf Samtakanna '78 fyrst og fremst um að styðja við félag Hinsegin daga, m.a. með láni á húsnæði, en í ár var starfsfólk Samtakanna '78 og sjálfboðaliði ESC. Robin, virkt í ákveðnum viðburðum innan hátíðarinnar. Sýnileiki Samtakanna '78 var sem áður helst á Regnbogaráðstefnu, en það er fræðsludagskrá sem mælst hefur vel fyrir. Meðal annars stýrði Edda Sigurðardóttir fræðslustýra erindinu Hinsegin 101. Samtökin '78 gengu að sjálfsögðu í Gleðigöngunni með fjölda manns og þakka félagsfólki og velunnurum fyrir góða þátttöku.

10–12 ÁRA OG 13–15 ÁRA STARF

10–12 ára og 13–15 ára starfið er á höndum Hinsegin félagsmiðstöðvar Samtakanna '78 og Tjarnarinnar. Samstarf Samtakanna '78 og Tjarnarinnar hefur gengið mjög vel og mikið traust ríkir milli aðila, enda brennum við öll fyrir því að vel sé staðið að skipulögðu tómstundastarfi fyrir þennan hóp barna.

GRUNNUPPLÝSINGAR FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

STARFSFÓLK

Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðukona 100% starfshlutfall

Luca Moi Forte, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu

Vigfús Karl Steinsson, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu

Sigmar Ingi Sigurgeirsson, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu

Sigurjóna Hauksdóttir, frístundaleiðbeinandi í tímavinnu

SJÁLFBODALIÐAR

Alexander Aron Guðjónsson

Valgerður Valur Hirst Baldurs

Yrsa Björt Kvien

Alex Diljar Birkisbur Hellsing

Kristmundur Pétursson

Magnús Dagur Gottskálksson McGetrick

Sam Simmons

Áslaug Lárusdóttir

Unnur Steina K Karls

ÞJÓNUSTUTÍMI OG FASTIR FUNDIR MEÐ TEYMUM

Þriðjudagar: 13–16 ára starf

Hópastarf frá 17:30–19:00

Opnun frá 19:30–21:45

Fimmtudagar: 10–12 ára starf

Opnun frá 17:00–18:30

Fastir fundir vikulega með deildarstjóra Unglingastarfs Tjarnarinnar og framkvæmdarstjóra Samtakanna '78 kl. 15–16 á þriðjudögum.

Fastir fundir vegna barna í samþættri þjónustu.

UMBÓTAADGERÐIR

10–12 ÁRA STARF Í HINSEGIN FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI

Markmið: Að auka þjónustu við 10–12 ára aldurshópinn og byggja upp tengsl við foreldra þeirra

Lýsing: Vikulegar opnanir fyrir 10–12 ára frá 1. desember 2024 - 6. júní 2025.

Dagsetning: desember 2024–júní 2025.

Ábyrgðaraðili: Forstöðukona Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar

FORELDRAOPNUN Í TENGLUM VIÐ FÉLAGSMIÐSTÖÐVA- OG UNGMENNAHÚSAVIKUNA

Markmið: Að efla foreldrasamskipti

Lýsing: Að opna dyr félagsmiðstöðvarinnar fyrir áhugasömum foreldrum sem vilja kynna sér starfið betur og mynda tengsl við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar

Ábyrgðaraðili: Forstöðukona og hlutastarfsmenn

Dagsetning: október 2024

FAGSTARFIÐ

Starf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar hefur verið blómlegt síðustu mánuði og hefur meðalmætingin á opnanir verið um 60–80 ungmenni á opnun. Þó það sé töluverð lækkun á meðalfjölda frá fyrra ári er það þó gríðarlegur fjöldi barna og ungmenna sem sækir starfið. Hvort rekja megið fækkunina til fámennari árganga, ákveðins bakslags eða annarra orsaka er óvíst – en forstöðukona lítur á fækkunina sem tækifæri til að vinna enn betur með þann hóp sem sækir starfið.

Hópurinn sem sækir félagsmiðstöðina er fjölbreyttur og kemur víðsvegar að. Þó mestur fjöldi sé úr Reykjavík þá er töluverður fjöldi þátttakenda úr nágrennasveitarfélögum og víðar. Áfram hefur verið lögð áhersla á samstarf og samráð við aðrar félagsmiðstöðvar á landinu og þótt áhersla sé lögð á samstarf við félagsmiðstöðvar í Reykjavík er ánægjulegt að segja frá því að samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist til muna og heldur vonandi áfram að blómstra. Með auknu samstarfi við félagsmiðstöðvar er hægt að halda enn betur utan um þátttakendur sem mæta í starfið utan opnunartíma Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar og veita þeim þann félagslega stuðning og öryggi sem þau kunna að hafa þörf fyrir.

Hópastarf Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar hefur gengið með eindæmum vel og hafa bæst við nokkrir hópar frá fyrra ári. Hópastarfið er alla þriðjudaga frá 17:30–19:00 og eru hóparnir eftirfarandi:

- D&D hópur Vigfúsar
- Bókaklúbbur Luca
- Kpop klúbbur Vallý
- Þrjóna og spjallklúbbur Hrefnu

Að meðaltali eru um 20 einstaklingar sem nýta sér hópastarfið og eru það jafnvel einstaklingar sem treysta sér ekki til að taka þátt í kvöldstarfi félagsmiðstöðvarinnar vegna fjölda þátttakenda eða eru önnur kafnir í öðru. Hópastarfið er því frábært tækifæri til að ná til hóps sem við annars myndum ekki ná til. Hugmyndir að hópunum koma alfarið frá þátttakendum og erum við alltaf að prófa okkur áfram með nýjar og skemmtilegar hugmyndir að hópum.

Dagskrá hveftrar opnunar er auglýst vikulega til að gefa rými til þess að bregðast við góðum hugmyndum sem koma upp en aðrar félagsmiðstöðvar hafa þann vana að gefa út mánaðarlega dagskrá. Hugmyndum að opnunum er ýmist safnað á Instagram, á opnunum eða í óformlegu spjalli. Vinsælustu opnanirnar eru án efa karaoke kvöld og allar þær opnanir sem snúa að föndri eða mat.

Við höfum lagt áherslu á að gefa þátttakendum færi á að ræða málefni sem standa þeim nærri og höfum það að markmiði að vera með mánaðarleg spjallkvöld sem kallast Trúnó. Í Trúnó geta þátttakendur sent inn nafnlausar spurningar sem þau vilja ræða eða fá svör við og hjálpast þátttakendur og starfsmenn við að svara þeim spurningum sem berast. Þessar opnanir eru alltaf gríðarlega vinsælar og dýrmætar fyrir starfsfólk að fá innsýn inn í þau mál sem brenna á þátttakendum hverju sinni.

Þegar skýrslan er skrifuð í febrúar 2025 eru allskonar spennandi viðburðir framundan. Í mars er Söngkeppni Tjarnarinnar sem er undankeppni fyrir Söngkeppni Samfés – samtaka félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi og geta þátttakendur í starfi Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar tekið þátt í undankeppni Tjarnarinnar fyrir hönd Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Í apríl er svo stefnt að Hinsegin Landsmóti á Reykjum í Hrútafirði þar sem þátttakendur í hinsegin félagsmiðstöðvastarfi þvert á landinu hittast og eiga skapandi og skemmtilega helgi saman. Þann 8. apríl er svo komið að okkar árlega Hinsegin Prom sem er fyrir löngu orðinn vinsælasti viðburður Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar, á eftir Gleðigöngunni að sjálfsgöðu, en skipulag við gönguna þetta árið hefst svo stuttu eftir promið.

Í ár er svo vonin að Vinnuskóli Reykjavíkur bjóði upp á hóp fyrir hinsegin ungmenni þar sem unnið verður markvisst að eflingu sjálfstrausts, félagsfærni og sköpun og verður spennandi að sjá hvernig það mun ganga.

16–17 ÁRA STARF

UNGMENNAHÚS SAMTAKANNA '78

Ungmennahús Samtakanna '78 fyrir 16–17 ára hélt sínu striki þetta starfsárið. Líkt og áður þá fjármagna Samtökin '78 starfið, ráða inn verkefnastýri og útvega húsakost. Starfið er hugsað sem framhaldsvettvangur eftir Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar en einnig til að koma til móts við þau sem koma út seinna eða eru í hinsegin þælingum. Starfið á sér stað öll þriðjudagskvöld frá 19:30–22:00 í húsnaði samtakanna á Suðurgötu 3.

Verkefnastýri ungmennahússins 2024–2025 var Andrea Rói Sigurbjörns en að hverju kvöld standa reynslumiklir sjálfboðaliðar í hópi ungs hinsegin fólks. Andrea Rói er með BA í tómstunda- og félagsmálafræði og starfar einnig í forstöðuhlutverki í sumar- búðunum Reykjadal. 2025 tekur Kristmundur Pétursson við sem verkefnastjóri vegna fæðingarorlofs. Hann er meðal annars með BA í félagsráðgjöf, mikla reynslu í starfi með fólki og er varaformaður Samtakanna '78.

Markhópur ungmennahússins, 16–17 ára starfs samtakanna, eru ungmenni sem eru byrjuð í framhaldsskóla eða eru á aldrinum 16 til og með 17 ára. Markmið starfsins er það sama og gildir fyrir hinsegin félagsmiðstöðina, að skapa vettvang fyrir hinsegin börn til að vera þau sjálf, vera til staðar fyrir hópinn og bjóða upp á skemmtilega og uppbyggjandi dagskrá. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru ávallt til taks, eru með góða yfirsýn, minna á samskiptasáttmála hópsins og geta leitað til starfsfólks og stjórnar samtakanna ef það koma upp óvænt atvik.

Dagskrá ungmennahússins er auglýst á Instagram og er gerð í samvinnu við þau börn sem nýta sér opnanirnar. Hugmyndavinna á sér stað í byrjun hverrar annar sem er nýtt í dagskrárgerð hverju sinni. Árið 2024 einkenndist af skemmtilegri dagskrá og nýjum vináttuböndum. Að jafnaði mæta um 10–20 ungmenni í hús alls staðar af höfuðborgar-svæðinu og víðar.

Andrúmsloftið er gott og ný ungmenni boðin innilega velkomin. Að vera í húsnaði Samtakanna '78 og hitta starfsfólkið sem vinnur þar skiptir hópinn miklu máli til þess að efla tengingu þeirra við hinsegin samfélagið. Dagskráin stýrir stemningunni hvert kvöld en fastur liður opnananna er nafna- og fornafnahringurinn sem hefur verið mikilvægur þáttur í ungmennastarfi Samtakanna '78 síðustu ár. Alltaf er í boði að fara í innra herbergið í rólegri dagskrá. Þetta starfsárið stóð upp úr dagskrá á borð við vatnsmálun&vöfllur, kókuskreytingar, mótmælaskiltagerð, armbandagerð, hinsegin uppistand og spilakvöld. Nokkrum sinnum var farið út úr húsi, í ísferð, kertaflot fyrir Palestínu og á draglistarkvöld í Iðná. Tveir hópar komu í heimsókn, Trans Ísland kom og bauð upp á samtal og starfsfólk Hins Hússins mættu til að kynna sitt starf og kynnast

ungmennastarfi Samtakanna '78. Vorið 2024 var haldið árshátíðarkvöld fyrir ungmennin, eldaður var kvöldmatur og Regnbogasalurinn skreyttur. Útkoman var yndisleg samvera og mikið stuð myndaðist.

Samtal við skrifstofu Samtakanna '78 er stór hluti af starfinu, bæði til að fara yfir það sem á gengur sem og til að koma með hugmyndir fyrir framhald starfsins og bætingar. Gott samstarf er á milli mismunandi hluta ungmennastarfs Samtakanna '78 og hefur það reynst verkefnastýri vel. Sjálfboðaliðar hinsegin félagsmiðstöðvarinnar voru ungmennahúsinu mikilvægur hlekkur í tengingu við börn sem voru að koma yfir í starfið fyrir eldri börnin, fyrir fagleg ráð eða þegar upp komu veikindi og starfskraft vantaði. Starfsárið 2024–2025 gekk vel, vinátta hópsins var rauði þráðurinn og engin alvarleg atvik komu upp, voru skráð né tilkynnt.

Starfið saknaði virkni ungmennaráðs Samtakanna '78. Til þeirra var áður hægt að leita, fá ábendingar frá þeim og vinna saman að öflugra starfi samtakanna í takt við áherslur barna og ungmenna.

Framundan eru frábærir hittingar þriðjudagskvöld í Samtökunum '78 og sumarið sem býður alltaf upp á svo marga skemmtilega möguleika.

18–30 ÁRA STARF

HINUNG

Margt nýtt fólk sótti HinUng á síðastliðnu starfsári, þ.á.m. skiptinemar og fólk úr öllum áttum.

Það koma 5–20 manns á hverja opnum, allt eftir því hvað er í gangi það kvöld. Við reynum að hafa opnanir fjölbreyttar en alltaf er hægt að gera nokkra hluti í einu. Meðal þeirra hittinga sem hafa verið haldnir eru til dæmis ískvöld, trúnó, Bob Ross kvöld, Halloween-opnun, litlu jólin, DIY og margt fleira. Við hlökkum til að sjá hvað árið 2025 ber í skauti sér fyrir HinUng, en félagsskapurinn heldur vonandi áfram að vaxa og dafna. Sigur Huldar leiðir starfið.

FULLORÐINSSTARF

BÓKAKLÚBBUR SAMTAKANNA '78

Bókaklúbburinn hefur starfað með hléum síðan árið 2017. Undanfarið ár hefur hann verið leiddur af Guðrúnu Úlfarsdóttur. Ýmis bókmenntaverk, bæði íslensk og erlend, hafa verið tekin fyrir en þau eiga það öll sameiginlegt að vera eftir og/eða um hinsegin fólk. Klúbburinn fær stundum höfunda í heimsókn. Klúbburinn er haldinn að meðaltali einu sinni í mánuði og er öllum opið að sækja hann. Viðburðir eru auglýstir á samfélagsmiðlum samtakanna og á hópnum Hinsegin bókmenntaklúbbur – Samtökin '78 á Facebook.

BETRA SEINT EN ALDREI

Þann 5. maí 2024 fór fyrsti hittingur Betra seint en aldrei fram, en Héléne Magnússon leiðir hópinn. Viðburðurinn er hugsaður sem samvera eldri hinsegin kvenna sem hafa komið seint út og eru fundir að jafnaði mánaðarlega.

PRJÓNAKLÚBBUR

Fyrsti hittingur Prjónaklúbbs fór fram í september, en klúbburinn er framhald á starfi sem hefur áður verið virkt innan félagsins. Linda Björk Einarsdóttir og Héléne Magnússon prjónahönnuður leiða hópinn.

BI+ HITTINGUR

Samtökin '78 buðu tvíkynhneigðum, þankynhneigðum og öðru fjölkynhneigðu fólki á rólegan hitting í húsnæði félagsins í tilefni alþjóðlegs sýnileikadags tvíkynhneigðra 23. september. Um 30 manns komu og mikil ánægja var með hittinginn. Stefnt er að því að um árlegan viðburð verði að ræða.

ÖLDUNGADEILDIN

Á árinu hittist reglulega hópur eldra fólks, sem flest eru 60+, sem fengið hefur nafnið Öldungadeildin. Samhliða er starfræktur Facebook-hópur Öldungadeildarinnar, en þar eru 119 manns meðlimir. Tíu hittingar voru haldnir á árinu 2024, oftast á Aldamótum á virkum degi kl. 17-19. Þar af buðu Samtökin '78 upp á skemmtiatriði á tveimur þeirra og í eitt skipti kom hópurinn í heimsókn á Suðurgötu og fékk veitingar og kynningu á starfsemi félagsins frá Kára Garðarssyni, framkvæmdastjóra. Öldungadeildin gekk í Gleðigöngu Hinsegin daga undir slagorðinu Regnboginn dofna ekki með árunum, og tóku um 60 manns þátt í atriðinu sem var glæsilegt og vakti mikla athygli.

ALMENNT UM FRÆDSLUNA

Ein af grunnstoðum Samtakanna '78 er fræðslustarfið. Edda Sigurðardóttir tók til starfa sem fræðslustýra um miðjan mars 2024.

Hinsegin fræðsla styður við mannréttinda- og jafnréttiskennslu í grunnskólum og hefur hæfniviðmið aðalnámskrár til grundvallar. Markmið fræðslunnar er einnig að búa hinsegin börnum og ungmönnum, sem og börnum hinsegin foreldra, öruggara umhverfi. Fræðslan eykur sýnileika hinsegin fólks og stuðlar að opnara og frjálsara skólasamfélagi, sem gagnast öllum börnum.

Að sama skapi styður hinsegin fræðsla hjá stofnunum og fyrirtækjum við góða og heilbrigða vinnustaðamenningu. Sífellt fleiri fyrirtæki og stofnanir sjá gildi góðrar vinnustaðamenningar og ekki síður að viðskiptavinir, ef einhverjir eru, upplifi fordómalaust viðmót og þjónustu.

Þegar vinnustaðamenning einkennist af trausti, virðingu, sanngirni, heiðarleika og þátttöku eykst sálfélagslegt öryggi og vellíðan starfsfólks. Hinsegin fræðsla styður starfsfólk í að velja fordómalaust og virðingarríkt viðmót, byggja upp traust og átta sig á hvernig þau geti verið styðjandi og elft góða vinnustaðamenningu.

Árið 2024 voru virkir þjónustusamningar við tólf sveitarfélög. Framhaldsskólar halda einnig áfram að leita til okkar með ráðgjöf og fræðslu í auknum mæli og þónokkuð af fyrirtækjum vilja fræðslu eða kanna jafnvel að hefja vinnu við hinsegin vottun.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Á árinu 2024 voru haldin 451 erindi fyrir um það bil 11.600 manns. Yfirlit yfir allflest fræðsluerindi ársins má finna í viðauka við ársskýrslu þessa.

FRÆDSLUTEYMI

Á fyrri hluta ársins 2024 var fræðsluteymið fálíðað. Ráðið var í stöðu fræðslustýru í febrúar og tók Edda til starfa um miðjan mars eins og áður segir. Með henni í fræðslunni voru Bjarndís Helga og Kristmundur sem höfðu verið öflug í fræðslunni síðari hluta ársins 2023.

Ljóst var að þörf væri á fleira fólki inn í fræðsluna og samsetningu öflugs fræðsluteymis ef markmiðum félagsins ætti að vera vel mætt. Vel gekk að manna teymið og frá haustinu voru fimm verktakar í teyminu auk fræðslustýru: Kristmundur Pétursson, Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, Vilhjálmur Ósk Vilhjálms, Andrea Rói Sigurbjörns og Egill Andrason. Sveinn Sampsted sem hefur leitt íþrótafræðslurnar undanfarin ár sneri til annarra starfa hjá ÍSÍ og undir lok árs var rætt við Hönnu Þráinsdóttur í hans stað. Við hlökkum til að starfa með henni á nýju ári.

Fræðsluteymi Samtakanna '78 er því vel mannað færú fólki. Þau eru öll sérstaklega vel að sér í málefnum hinsegin fólks, eru hinsegin sjálf, auk þess að hafa fjölbreytta reynslu af þátttöku og starfi innan hinsegin samfélagsins og með öðru hinsegin fólki. Þau hafa einnig fjölbreytta menntun allt frá kynjafræði, íþróta- og heilsufræði, tómstunda- og félagsmálafræði og félagsráðgjöf. Þau hafa líka reynslu af því að starfa með ungu fólki á sviði leiklistar, íþróta og félagsmiðstöðva.

Við þjálfun fræðara er lögð áhersla á að mæta hverjum nemendahóp þar sem hann er staddur, rætt um ólíkan þroska og skilning barna eftir aldri og gildi spurninga frá

nemendunum sjálfum. Í sameiningu leitast fræðsluteymið við að þróa góð svör við algengum eða krefjandi spurningum sem geta komið upp í fræðslunum auk þess að kortleggja aðeins hvað það er sem liggur helst á bæði börnum og fullorðnum svo bregðast megi við samfélagsumræðu eða aðlaga fræðsluefnið ef þurfa þykir.

ÞRÓUNARVINNA

Mikilvægt er að fræðsluefni og framsetning þess sé í reglulegri þróun og endurskoðun. Nýjar upplýsingar koma fram reglulega, tungutak þróast og samfélagsumræðan er breytileg. Í fræðsluheimsóknum til ólíkra stofnana og hópa, þá sérstaklega í skólafræðslunum, gefst fræðurum einstök innsýn inn í hvað brennur á fólki og hvar sé helst verk að vinna. Þetta er mikilvægt að nýta til þess að bæði svara umræðunni hverju sinni og styðja við samfélagið okkar.

Á árinu var farið var í að kortleggja markmið og inntak fræðslunnar, með tilliti til ólíkra hópa, með það fyrir augum að uppfæra og þróa áfram fræðsluefni Samtakanna '78. Að því komu bæði starfsfólk og stjórn en einnig fræðarar og leiddi fræðslustýra vinnuna. Settar voru fram endurbættar og einfaldaðar kennsluáætlanir fræðslu fyrir öll stig grunnskólans auk þess sem glærur voru uppfærðar. Valið var að fræðsluefni fullorðinna skyldi ríma í útliti við útgefið efni og samfélagsmiðla félagsins. Glærur fyrir nemendur voru aftur á móti endurhannaðir með teiknuðu myndefni sem Elías Rúni vann. Nýja efnið hefur gefist vel og virðist grípa áheyrendur, sem var einmitt vonin.

Sértæk fræðsla fyrir fólk sem starfar í umönnun eða þjónustu við aldraðra var einnig þróuð og útbúin á árinu. Nýlegar rannsóknir á Norðurlöndunum sýna mikla þörf á stuðningi og aðgerðum í þágu eldra hinsegin fólks sem upplifir ýmis konar mismunun, fordóma og skilningsleysi og hefur jafnvel hrökklast aftur inn í skápinn á efri árum. Fræðsluefnið er tilbúið og verður kynnt viðeigandi aðilum sem vonandi taka höndum saman með okkur að bæta stöðu eldra hinsegin fólks í samfélaginu.

Þróun á námsefni og kennslugögnum um hinseginleika, fyrir nemendur á öllum aldri, fór af stað á árinu. Þessi vinna er langt komin, eitthvað kom út á árinu líkt og má sjá undir kafla um útgáfu fræðsluefnis hér að neðan, annað kemur út á næsta ári.

NÁMSEFNI AÐGENGILEGT Á VEFNUM

Í samræmi við stefnu stjórnar var námsefnið í hinsegin fræðslu til barna gert aðgengilegt á vef Samtakanna '78. Uppfærðar kennsluáætlanir sem og glærupakkar fyrir hvert skólastig voru því sett á heimasíðuna ásamt almennri lýsingu á markmiði og framkvæmd fræðslunnar og upplýsinga um fræðsluteymið.

HINSEGIN VOTTUN

Ferlar og vinnulag hinsegin vottunar var þróað töluvert á árinu. Fyrirtæki og stofnanir sem gætu viljað fara í vottunarferli eru ólík bæði að stærð og starfsemi og alls ekki alls staðar sem það sama hentar. Þá er mikilvægt að finna fjölbreyttar eða sveigjanlegar nálganir og aðferðir sem gefa þó ekki eftir kröfur um að vandað sé til verka. Eins var þróað sértækt fræðsluefni fyrir stjórnendur, það prófað, og farið með fræðslur til ýmissa fyrirtækja og stofnana.

Þau fyrirtæki sem fengu hinsegin vottun á árinu eru Þjóðskrá Íslands, Lota og Rio Tinto. Þó nokkur biðlisti er eftir því að fá hinsegin vottun sem er til merkis um þá þörf sem er á þjónustunni.

FRAMTÍÐ FRÆDSLUNNAR

Endurbætur og uppfærsla á fræðsluvef Samtakanna '78, otila.is, eru orðnar tímabærar. Samhliða þróun námsefnis um hinseginleika var ákveðið að otila.is yrði allsherjar fræðsluvefur Samtakanna '78 með fjölbreyttara fræðsluefni en hingað til og námsefnið myndi því eiga samastað þar. Vinna við nýjan fræðsluvef er hafin og heldur áfram á næsta ári.

Markmiðið er að fólk á ýmsum aldri, bæði nemendur og fagfólk, geti þar sótt sér fjölbreytt, gagnlegt og áhugavert efni um hinseginleika. Framundan er því bæði gerð aðgengilegs fræðsluvefs og áframhaldandi þróun og útgáfa námsefnis um hinseginleika.

Stefna stjórnar hefur um nokkuð skeið verið að Samtökin '78 sinni í auknum mæli fræðslu fagaðila, og fólks sem vinnur með fólki, og valdefla þau til að fjalla um hinsegin málefni sjálf á sínum vettvangi. Má þar nefna sem dæmi ítarlegri fræðslu og valdeflingu til kennara svo þau geti sinnt fræðslu til nemenda sinna sjálf fremur en að fá okkur inn í alla skóla að spjalla við nemendur, enda ekki sjálfbært til lengdar að Samtökin '78 fræði alla nemendur landsins.

Þó áfram standi til að fræða fagaðila og helst fleiri hópa og stéttir, þá virðist ekki vera tímabært að hverfa frá fræðslu á gólfinu að svo stöddu, meðal annars vegna pólitísku landslags og orðræðu um hinsegin málefni þessi misserin.

SÉRTÆK FRÆDSLUPERINDI

Eins og áður voru flutt ýmis sértæk fræðsluperindi á árinu. Má þar sem dæmi nefna erindi fyrir sérnámslækna á Landspítalanum, Unghuga Hugarafis, erindi um sögu hinsegin fólks fyrir Snorrahóp, erindi um hatursorðræðu til stofnana á borð við Landlæknisembættið og erindi um kynhlutlaust mál hjá SKÝ.

GAGNRÆÐUNÁMSKEIÐ

Á árinu voru haldnar sjö vinnustofur í gagnræðu á vegum Samtakanna '78, en Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri, sér um vinnustofurnar. *Gagnræða* er íslenskun á enska orðinu *counterspeech* og snýst um að minnka áhrif hatursorðræðu í samfélaginu með því að taka á markvissan hátt þátt í samfélagslegri umræðu. Þátttakendur fá aðgang að rafrænum fyrirlestri og upplýsingapakka, auk þess að fá samantekt á blaði með sér heim. 60 manns sóttu vinnustofurnar, sem tókust vel. Þar fara þátttakendur í gegnum æfingar og umræður. Mikil ánægja er með framtakið sem heldur áfram á árinu 2025.

ÚTGÁFA FRÆDSLUEFNIS

BARN EÐA UNGMENNI KEMUR ÚT – LEIÐARVÍSIR FYRIR FJÖLSKYLDUR

Á vordögum 2024 var gefinn út bæklingur fyrir aðstandendur hinsegin barna og ungmenna sem ber nafnið *Barn eða ungmenni kemur út – leiðarvísir fyrir fjölskyldur*. Unnið hefur verið að þessum bæklingi árum saman, en hann var loks kláraður á árinu og

prentaður í stóru upplagi. Bæklingurinn hefur mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum og öðrum aðstandendum, ásamt því að nýtast fleira fólki sem kemur að lífi hinsegin barna og ungmenna.

HINSEGIN BÖRN OG UNGMENNI Í ÍPRÓTTA-, TÓMSTUNDA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI

Á haustmánuðum 2024 gáfu Samtökin '78 og mennta- og barnamálaráðuneytið út bæklingana *Sýnilegur stuðningur, Aðstaða og mót og Stöðvum fordóma og mismunun* undir yfirskriftinni *Hinsegin börn og ungmenni í íþróttá-, tómsunda- og æskulýðsstarfi*. Einnig voru gefin út tvö plaköt, *Hvernig byggjast fordómar upp?* og *Vítahringur fordóma* í íþróttum innan sama verkefnis. Vinna var að mestu í höndum Sveins Sampsted og Þorbjargar Þorvaldsdóttur, en fjölmargt fólk kom þó að gerð efnisins og þökkum við þeim kærlega fyrir. Einnig þökkum við mennta- og barnamálaráðuneyti fyrir traustið, en gerð bæklinganna var hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN BINDERA Í ÍPRÓTTUM OG HREYFINGU

Gefinn var út rafrænn bæklingur í lok árs með styrk frá ÍBR. Um gerð bæklingins sá Villi Ósk Vilhjálms, fræðari hjá Samtökunum '78 og íþróttufræðingur.

Hagsmuna- og mannréttindabarátta Samtakanna '78 tekur á sig margar myndir. Bæði aðstoða Samtökin '78 þau sem leita til okkar í einstökum málum, en einnig er litið til stóru myndarinnar og reynt að koma meðvitund um réttindi hinsegin fólks á framfæri um allt samfélagið. Það gerum við með samstarfi við hina ýmsu aðila, með greinaskrifum o.fl. Einnig verjum við hagsmuni hinsegin fólks í gegnum dómskerfið.

GREINASKRIF STARFSFÓLKS OG STJÓRNAR

Vísir 28. febrúar	<i>Vonin við enda regnbogans</i> Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Daníel E. Arnarsson
Vísir 15. apríl	<i>Opinber umræða fyrir hvern?</i> Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Vísir 15. maí	<i>Ísland í öðru sæti Regnbogakortsins</i> <i>um réttindi hinsegin fólks</i> Bjarndís Helga Tómasdóttir og Daníel E. Arnarsson
Vísir 1. ágúst	<i>Af dragdrottningum og grátkórum</i> Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Tímarit Hinsegin daga 4. ágúst	<i>Þar sem þau hafa frelsi til að vera þau sjálf</i> <i>– Hinsegin félagsmiðstöð S'78 og Tjarnarinnar</i> Hrefna Þórarinsdóttir
Tímarit Hinsegin daga 4. ágúst	<i>Ekkert stolt í þjóðarmorði – eða þjóðernishyggju</i> Hjalti Vigfússon
Tímarit Hinsegin daga 4. ágúst	<i>Ísland – næstbest í Evrópu... í bili</i> Daníel E. Arnarsson
Tímarit Hinsegin daga 4. ágúst	<i>Section 28 og siðfárið gegn samkynhneigð í Bretlandi</i> Vera Illugadóttir
Tímarit Hinsegin daga 4. ágúst	<i>Segjum eitthvað! Gagnræða</i> Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Tímarit Hinsegin daga 4. ágúst	<i>Hvernig verða börn (hinsegin fólks) til?</i> Kristmundur Pétursson
Vísir 21. ágúst	<i>Það er alltaf von: Samtökin '78 styðja Píeta</i> Bjarndís Helga Tómasdóttir
Vísir 20. nóvember	<i>Á minningardegi trans fólks</i> Þorbjörg Þorvaldsdóttir
Vísir 27. nóvember	<i>Konur: ekki einsleitur hópur</i> Bergrún Andradóttir og Bjarndís Helga Tómasdóttir
Vísir 29. nóvember	<i>Kjósum með mannréttindum á laugardaginn</i> Bjarndís Helga Tómasdóttir og Kári Garðarsson
Vísir 13. desember	<i>Hinsegin réttindi til framtíðar</i> Stjórn Samtakanna '78
Vísir 19. desember	<i>Tjáningsfrelsið, ábyrgð og Snorri Másson</i> Bjarndís Helga Tómasdóttir og Kári Garðarsson

YFIRLÝSINGAR

30. APRÍL: YFIRLÝSING STJÓRNAR SAMTAKANNA '78 VEGNA OPINBERRAR UMRÆÐU UM FORSETAFRAMBJÓÐENDUR

Í vor steig í fyrsta sinn fram opinberlega hinsegin frambjóðandi til forseta Íslands. Þetta eru söguleg tíðindi enda hefði það verið óhugsandi fyrir aðeins fáum árum og væri enn, ef ekki væri fyrir þrotlausa baráttu síðustu áratuga fyrir réttlátara samfélagi. Það er stórt skref og til marks um það hversu langt við höfum náð í réttindabaráttunni, en meginmarkmið Samtakanna '78 er að hinsegin fólk sé sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda á öllum sviðum samfélagsins.

Hinsegin fólk þekkir vel að vera smættað niður í einkalíf sitt og að það sé gert að aðalatriði í samtölum sem ættu að snúast um allt annað. Slík framkoma ber vott um fordómafull viðhorf, hvort sem fólk áttar sig á því eða ekki. Það eru því mikil vonbrigði að sjá bæði almenna kjósendur og jafnvel fjölmiðlafólk gera lítið úr hæfni Baldurs Þórhallssonar til þess að gegna embætti forseta Íslands á grundvelli þess að hann er hommi.

Stjórn Samtakanna '78 hvetur íslenskt samfélag í heild sinni til að halda sig við málefnalega umfjöllun í aðdraganda forsetakosninga og falla ekki í þá gryfju að gera einkalíf frambjóðenda að aðalatriði.

27. NÓVEMBER: SAMEIGINLEG YFIRLÝSING Í AÐDRAGANDA ALÞINGISKOSNINGA

Á Íslandi hefur jafnrétti kynjanna og frelsi hinsegin fólks til að vera það sjálft verið í hávegum haft um árabil. Hér eru lagaleg réttindi og samfélagslegt samþykki hinsegin fólks með því besta sem fyrirfinnst í heiminum öllum, hér mælist jafnrétti kynjanna mest og hér er framsækið lagaumhverfi í málefnum kvenna.

Það eru því vonbrigði að sjá, síendurtekið, innflutt stef í opinberri umræðu sem minnir á málflutning öfga-íhaldsins í Bandaríkjunum, Ungverjalandi og víðar. Á undanförunum vikum hafa fulltrúar hvers flokksins á fætur öðrum kvartað hástöfum yfir meðvitund um mannréttinda- og jafnréttismál, því sem þau kalla vók eða pólitískan rétttrúnað, gegn sjálfsákvörðunarrétti trans fólks, gegn fullri og jafnri atvinnuþátttöku kvenna og gegn fullum yfirráðum kvenna yfir eigin líkama.

Í fyrsta skipti í sögunni hefur pólitískt framboð á Íslandi einnig talað fyrir því að taka til baka áunnin réttindi hinsegin fólks. Nánar tiltekið að banna heilbrigðisþjónustu fyrir trans börn og ungmenni. Þetta er gert þvert á vísindalega þekkingu og af fullkomnu ábyrgðarleysi gagnvart velferð þeirra barna sem þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins og stuðningi samfélagsins að halda. Það er grafalvarlegt að logið sé að kjósendum um hinsegin málefni til þess að veiða atkvæði frá fólki sem ekki veit betur.

Við, undirrituð, hvetjum stjórnmalafólk til ábyrgrar umræðu á þeim fáu dögum sem eftir eru til kosninga og hvetjum kjósendur til þess að velja vel hvert atkvæði þeirra fer. Ísland er opið og réttlátt samfélag þar sem allt fólk á að geta notið virðingar. Til þess að svo verði áfram þurfum við að kjósa eftir þeim gildum sem við höfum í hávegum. Sá árangur sem náðst hefur í jafnréttis- og mannréttindamálum er tilkominn vegna öflugrar samstöðu og stöðugar baráttu. Hún heldur áfram og öll geta tekið þátt nú á laugardag!

Samtökin '78, Kvenréttindafélag Íslands, Barnaheill,
Trans Ísland, Stígamót, Geðhjálp og UNICEF

AÐGERÐAÁÆTLUN STJÓRNVALDA Í MÁLEFNUM HINSEGIN FÓLKS

Pingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 var samþykkt á Alþingi í júní 2022. Áætlunin er sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks. Á starfsárinu var það vinna Samtakanna '78 að fylgjast með stöðunni á aðgerðaráætluninni, vinna að þeim verkefnum sem okkur voru falin og þrýsta á stjórnvöld að sinna framfylgd áætlunarinnar af heildinum og elju.

Af 21 verkefni eru nú fimm verkefnum lokið, ellefu verkefni komin vel á veg og tvö hafin. Enn eru þrjú verkefni á byrjunarstigi. Meðal verkefna sem kláruðust á árinu voru rannsókn á ofbeldi í nánnum samböndum hinsegin fólks, gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi og ný reglugerð um blóðgjafir. Þá voru spurningar um kynvitund og kynhneigð hluti Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í bæði grunn- og framhaldsskólum í fyrsta sinn, sem er fyrsta skrefið í kortlagningu á líðan hinsegin barna og ungmenna í skólum. Fleiri verkefni sem eru hafin er t.d. rannsókn á líðan hinsegin öryrkja og aldraðra auk líðanar hinsegin fólks á landsbyggðinni.

Samtökin '78 hafa komið að langflestum þeirra verkefna sem aðgerðaáætlun stjórnvalda tekur til, bæði með beinum og óbeinum hætti. Mikilvægt er að aðgerðaáætlun verði kláruð á árinu 2025 og að hún verði í kjölfarið endurnýjuð af Alþingi. Mikil upplýsingaöflun einkenndi þessa fyrstu aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks, sem mun vísa veginn fyrir þær aðgerðir sem þarf að ráðast í í framhaldinu. Vinna er þegar hafin innan ráðuneytis jafnréttismála um endurnýjun áætlunarinnar og njóta þau liðsinnis Samtakanna '78 í þeirri vinnu.

HAGSMUNAGÆSLA INNAN MÁLAFLOKKA

HEILBRIGÐISMÁL TRANS FÓLKS OG SJÚKRATRYGGINGAR

Málefni trans fólks hafa verið sérstaklega ofarlega á verkefnalista ráðgjafa, stjórnar og starfsfólks innan Samtakanna '78 síðustu ár. Samtökin hafa orðið vör við ákveðnar hindranir í lögum og reglugerðum um heilbrigðismál trans fólks, sér í lagi varðandi greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þar af leiðandi óskuðu Samtökin '78 eftir fundi með fulltrúum heilbrigðisráðuneytis og fóru á fund í febrúar 2024 til þess að opna samtal um að finna leiðir til að fjarlægja umræddar hindranir. Í kjölfar fundarins var ráðuneytinu sent formlegt erindi um málefni fundarins.

Í erindi okkar var sérstaklega fjallað um mikilvægi greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við brjóstauppbýggingu, háreyðingu og ýmsar andlitsaðgerðir trans kvenna. Jafnframt lögðum við áherslu á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga fyrir fólk með hlutlausa kynskráningu. Að auki möguleika trans ungmenna og fullorðinna á að fá niðurgreidda þjónustu varðandi eggheimtu, geymslu/frystingu á kynfrumum og ferli því tengdu. Þessu erindi höfum við fylgt eftir margítrekað á árinu.

Seinna á árinu kom hins vegar upp sú staða að trans karlar og kvár fóru að fá synjun frá sjúkratryggingum á greiðsluþátttöku í brjóstnámsaðgerðum, en fram að því þá hafði þessi aðgerð alltaf verið niðurgreidd og því ekki verið talin þörf á því að nefna hana í fyrrgreindu erindi. Samtökin '78 töldu því mikilvægt að óska eftir öðrum fundi, bæði til að ýta á eftir vinnu vegna fyrrgreindra hindrana en einnig til að leggja áherslu á mikilvægi niðurgreiðsla brjóstnámsaðgerða í ljósi nýrra upplýsinga. Þessi fundur átti sér stað í byrjun febrúar 2025. Samtökin '78 munu halda áfram að ýta á eftir því að trans fólk hafi aðgang að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags, en til þess þurfa reglur sjúkratrygginga að breytast.

MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS Á VINNUMARKAÐI

Á árinu hafa Samtökin '78 komið að nokkrum sértækum málum er varða aðstæður og réttindi hinsegin fólks á vinnumarkaði. Þar fyrir utan er að sjálfsögðu í gangi sérstakt verkefni, Hinsegin vottun, sem hefur það að markmiði að hjálpa stofnunum og fyrirtækjum að skapa hinseginvænt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sitt. Segja má að Hinsegin vottunin hafi gert það að verkum að styttri boðleiðir eru á milli atvinnulífsins og Samtakanna '78, sem fyrirtæki og stofnanir hafa nýtt sér t.d. þegar óskað er eftir aðkomu Samtakanna '78 að úrlausn mála sem komið geta upp.

MÁLEFNI ELÐRA HINSEGIN FÓLKS

Töluverð áhersla var lögð á málefni eldra hinsegin fólks á árinu, m.a. með fundum með hagaðilum, efnisgerð og félagsstarfi. Einnig sendu samtökin stóra sendinefnd á ráðstefnu um málefni hinsegin eldra fólks í Stokkhólmi í september og buðu með sér fulltrúa frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Sértæk fræðsla fyrir starfsfólk í öldrunarþjónustu hefur verið útbúin. Mikil undirbúningsvinna hefur einnig verið unnin á árinu fyrir sjálfboðaliðadrifna símalínu fyrir eldra fólk sem ætlunin er að verði opnuð á vormánuðum 2025. Þá hefur á árinu verið unnið að bæklingi um málefni eldra hinsegin fólks. Loks má nefna öflugan hóp eldra fólks sem hittist mánaðarlega og hefur fengið nafnið Öldungadeildin. Áfram þarf að vinna ötullega að þessum málaflokki, enda mikilvægt að fólk geti verið það sjálft alla ævi.

ÍÞRÓTTA-, TÓMSTUNDA- OG ÆSKULÝÐSSTARF

Samtökin '78 eiga í mjög góðum samskiptum við íþróttahreyfinguna, félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarf á borð við skátana og ungmennastarf Þjóðkirkjunnar. Á árinu höfum við, í góðu samstarfi við aðila í íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfi unnið að nýju fræðsluefni sem kynnt var í húsakynnum ÍSÍ haustið 2024. Þar voru kynntir þrjú bæklingar og tvö plaköt. Þá höfum við einnig gert bækling um binder-notkun í samstarfi við ÍBR. Allt er þetta liður í því að gera umhverfi hinsegin barna og ungmenna styðjandi innan íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarfs.

SAMSKIPTI VIÐ FÉLÖG

PÍETA SAMTÖKIN

Samtökin '78 áttu í góðri samvinnu við Píeta samtökin á árinu, en hluti okkar skjólstæðinga eru einnig skjólstæðingar þeirra. Í upphafi árs fengu samtökin fyrirlestur frá Píeta um félagið, sjálfsvíg, sjálfvígshættu og fyrirbyggjandi aðgerðir. Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa, fór svo í kjölfarið til Píeta og flutti fyrirlestur um hinsegin málefni og þá þjónustu sem Samtökin '78 bjóða. Í Reykjavíkummarþoni Íslandsbanka hljóp svo hópur á vegum Samtakanna '78 til styrktar Píeta samtökunum og söfnuðust samtals 338.000 kr. fyrir félagið.

RAUÐI KROSSINN

Samtökin '78 eiga í góðu samstarfi við Rauða krossinn og hafa á árinu notið dyggrar aðstoðar þeirra við að setja saman sjálfboðaliðaverkefni sem hefur það að markmiði að minnka félagslega einangrun eldra hinsegin fólks. Við þökkum þeim fyrir og hlökkum til að fara með fyrirlestur til þeirra um hinsegin málefni á árinu 2025.

FÉLAGIÐ ÍSLAND-PALESTÍNA

Í ljósi skelfilegrar stöðu almennra borgara í Palestínu styrktu Samtökin '78 félagið Ísland-Palestína með sölu á bolum og peysum vorið 2024, en alls söfnuðust 328.850 kr. fyrir þetta mikilvæga málefni. Einnig áttu Samtökin '78 aðild að Kvennagöngu fyrir Palestínu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti 8. mars.

STÍGAMÓT

Forsvarsfólk Samtakanna '78 hittu Drífu Snædal, talskonu Stígamóta og Svandísi Önnu Sigurðardóttur, verkefnastýru fræðslu og forvarna þar sem samvinna félaganna tveggja var rædd. Ákveðið var að skipuleggja fræðsluerindi í báðar áttir þar sem samtökin kæmu inn á fund með ráðgjöfum og starfsfólki Stígamóta og öfugt.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með kollegum sínum hjá Kvenréttindafélagi Íslands í september. Á fundinum voru samskipti félagasamtakanna tveggja rædd frá ýmsum hliðum og farið yfir sameiginlega snertifleti í samstarfi. Árið 2025 er kvennaár, en Samtökin '78 munu taka virkan þátt í viðburðum tengdum því og fóru fram nokkrir samstarfsfundir undirbúningsnefndar á haustmánuðum sem Samtökin '78 sátu.

ÞJÓÐKIRKJAN

Þann 28. október síðastliðinn kynnti Bjarndís, formaður Samtakanna, verkefnið *Ein saga – eitt skref*, fyrir Kirkjubíngi, æðstu stjórn kirkjunnar. Viðbrögðin við erindinu voru vonum framar góð og nýr biskup, Guðrún Karls Helgudóttir, var skýr í afstöðu sinni með hinsegin fólki. Á vormánuðum 2025 stendur til að kynna verkefnið og áframhaldandi samvinnu fyrir prestastefnu.

SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR

UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Samtökin '78 hafa átt í góðum samskiptum við Umboðsmann barna um langa hríð. Starfsfólk samtakanna hefur getað leitað til skrifstofu umboðsmanns með álitamál, t.d. er varða tilkynningar frá börnum um hatursglæpi, sem stundum rata á borð félagsins. Gott er að leita til Umboðsmann barna og við þökkum þeim fyrir gott viðmót og samstarf.

REYKJAVÍKURBORG: AÐGERÐARÁÆTLUN GEGN OFBELDI 2025–2028

Í nóvember sendu samtökin inn drög um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi fyrir árin 2025-2028. Samtökin '78 sendu inn nokkrar tillögur, sem sumar kölluðu á breytingar á áætluninni. Reykjavíkurborg tók þær tillögur til greina og áttu starfsmenn Samtakanna '78 og sérfræðingur í hinseginmálum hjá borginni góðan fund í framhaldi af umsögninni.

LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS TRANSTEYMI BUGL

Áfram er gott samstarf milli Samtakanna '78 og transteymis barna- og unglinga-geðdeildar Landspítala. Á árinu áttu Samtökin '78 bæði formlega fundi með teyminu og

voru í góðum samskiptum við það þess á milli. Samtökin '78 eru afar sæl með það hve gott teymi er á deildinni og lukkuleg með þau góðu samskipti sem hafa skapast á milli Samtakanna '78 og BUGL á undanförunum árum. Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa hjá Samtökunum '78, hefur verið helsti tengiliður félagsins við transteymið. Vonast er eftir áframhaldandi góðu samstarfi því næg eru verkefni.

Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa, tók jafnframt þátt í glæsilegri árlegri ráðstefnu BUGL 26.–27. janúar 2024, en ráðstefnan bar að þessu sinni yfirskriftina *Hvað er barni fyrir bestu? – Þjónusta fyrir trans börn og ungmenni*. Ráðstefnan var mjög áhugaverð og var afar vel sótt af fagfólki sem vinnur með börnum og ungmennum. Sigríður Birna hélt erindi fyrir hönd Samtakanna '78 á ráðstefnunni um þjónustu við trans börn og ungmenni eins og hún blasir við félaginu og skjólstæðingum þess.

TRANSTEYMI LSH

Líkt og með transteymi BUGL, sem oftast er kallað „yngra teymið“ í daglegu tali þá voru samskipti og samstarf við transteymi Landspítala – Háskólasjúkrahúss, oft kallað „eldra teymið“ með besta móti á starfsárinu. Nýr læknir hóf störf hjá teyminu í febrúar, Elizabeth McElrea og hefur hún lagt mikla áherslu á gott samtál við hinsegin samfélagið og haft frumkvæði að góðum samskiptum. Það hafa verið reglulegir formlegir fundir á árinu með trans teymi LSH ásamt fulltrúum úr stjórn Trans Ísland, Sigríður Birna teymisstýra ráðgjafa hefur verið helsti tengiliður Samtakanna '78 við transteymið.

Transteymið byggir þjónustu sína á alþjóðlegum leiðbeiningum WPATH og þau hafa sýnt að það er þeim mikilvægt að hafa þjónustuna í lagi og í samræmi við bestu mögulegu þekkingu. Það hefur gengið nokkuð vel að styttu biðlista eftir hormónaæðferð en þegar þetta er skrifað er biðlistinn þó 6-8 mánuðir og því enn of langur, en markmið teymisins er enn að styttu biðina töluvert á næstu mánuðum. Eins hefur gengið mjög vel að styttu biðlista eftir kynfæraaðgerðum trans kvenna en transteymið er nú komið í formlegt samstarf við teymi lækna í Hollandi sem framkvæmir þær aðgerðir. Fólk hefur einnig verið að fara á aðra klíník í Hollandi síðasta eina og hálfu árið og transteymið hefur einnig verið í óformlegu sambandi við þá klíník og aðstoðað fólk við að komast þangað. Sjúkratryggingar hafa greitt þessar aðgerðir, upphald og ferðir að fullu. Nú er staðan sú að biðlistar eru nær engir í þessar aðgerðir. Hins vegar hefur eftirfylgd hér á landi verið aðeins ábótavant en við vitum að transteymið er meðvitað um þetta og hefur verið að vinna í úrbótum.

SMITSJÚKDÓMADEILD A7

Samtökin '78 voru í reglulegu sambandi við smitsjúkdómadeild Landspítala á árinu og leita leiða til þess að aðstoða deildina við að ná betur til þeirra hópa sem þurfa á þjónustu deildarinnar að halda, m.a. til þess að nálgast PreP og HIV-hraðpróf.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Samtökin '78 unnu áfram samkvæmt samningi sínum við Ríkislögreglustjóra á árinu, en m.a. hefur Ríkislögreglustjóri framleitt myndbönd um hinsegin málefni fyrir lögreglufólk á grundvelli handrita sem unnin voru hjá Samtökunum '78. Samstarfið hefur gengið mjög vel og von er á endurnýjuðum samningi 2025.

JAFNRÉTTISSTOFA

Í apríl heimsóttu Edda fræðslustýra, Bergrún aðstoðarframkvæmdastjóri, Þorbjörg verkefnastjóri og Bjarndís formaður skrifstofu Jafnréttisstofu á Akureyri. Ferðin var liður í því að styrkja tengslin og kynna starfsemi fyrir nýju starfsfólki hvor á sínum stað. Samtökin '78 þakka Jafnréttisstofu, þá sér í lagi Önnu Lilju Björnsdóttur skipuleggjanda, fyrir frábæran dag. Jafnréttisstofa og Samtökin '78 eiga í góðum samskiptum, og naut Jafnréttisstofa t.a.m. ráðgjafar Samtakanna '78 við gerð herferðar sinnar gegn haturs-orðræðu, *Orðin okkar*, sem kynnt var í febrúar 2024.

SAMSKIPTI VIÐ RÁÐUNEYTI

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Síðla í júnímánuði voru Samtökin '78 boðuð á fund á vegum dómsmálaráðuneytis um stefnumótun fullnustumála. Verkefnastjórn stefnumótunarinnar óskaði eftir þátttöku Samtakanna '78 til að ná fram mikilvægum sjónarmiðum félagsins um álitafni, viðfangs-efni og framtíðarsýn sem nýst gætu í stefnumótunarvinnunni. Á fundinum sátu einnig fulltrúar Stígamáta, Amnesty International og ADHD samtakanna.

FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ

Samtökin '78 hafa verið í virku samtali við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið á árinu 2024.

Ráðuneytið bauð aðstoðarframkvæmdastjóra á fund í júní vegna heildarendurskoðunar á reglum um húsnæði vinnustaða, nr. 581/1995. Reglugerðin er frá 1995 og því kominn tími á endurskoðun, sér í lagi í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaði frá því að reglurnar voru settar. Meðal efnislegra breytinga sem verið var að skoða eru reglur sem snúa að búningaþstöðu og salernum á vinnustöðum, svo sem hvað varðar merkingar slíkra rýma. Reglugerðin hefur ekki enn verið uppfærð.

Formaður og framkvæmdastjóri á áttu fund með félags- og vinnumarkaðsráðherra í október en fundinn sátu einnig embættismenn af mannréttinda- og jafnréttisskrifstofu en málefni sem falla undir það málefnavið færðust frá forsætisráðuneyti og í félags- og vinnumarkaðsráðuneyti haustið 2024.

Ráðuneytið veitti í árslok 2023 20 milljóna króna styrk til að standa undir ráðgjafastarfsemi Samtakanna '78 árið 2024. Umræða um framlengingu þess samnings var hafin við ráðherra áður en til kosninga kom og mun halda áfram við nýjan ráðherra sem fer með málaflokkinn.

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Samtökin '78 hafa verið í virku samtali við heilbrigðisráðuneytið á árinu 2024. Fjallað er um fund Samtakanna '78 og ráðuneytisins auk formlegs erindis félagsins í kafla um heilbrigðisþjónustu trans fólks og sjúkratryggingar hér að framan.

UMSAGNIR TIL ALÞINGIS

Samtökin '78 skrifuðu á árinu eina umsögn til Alþingis, en það var greinargerð um fjárlög 2025.

FORSETI ÍSLANDS Í HEIMSÓKN

Nýr forseti Íslands og verndari Samtakanna '78, Halla Tómasdóttir, kom og heimsótti Samtökin þriðjudaginn 26. nóvember 2024. Eftir stutta kynningu á starfsemi okkar átti stjórn félagsins og starfsfólk gott og innihaldsríkt samtali við forseta um stöðuna í hinsegin málefnum á Íslandi og á heimsvísu. Við þökkum Höllu kærlega fyrir heimsóknina. Stuðningur forseta Íslands er okkur ómetanlegur og mikilvægt að finna að Halla Tómasdóttir er sannarlega forseti okkar allra.

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er haldið ár hvert á tímabilinu milli 25. nóvember, alþjóðlegs dags gegn kynbundnu ofbeldi, og degi mannréttinda, þann 10. desember. Átakið felst í greinaskrifum. Auk Samtakanna '78 tóku þátt landskrifstofa UN Women, Kvenréttindafélag Íslands, Stígamót, Kvenfélagasamband Íslands, Róttin, BSRB, BHM, Kvennaathvarfið, félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Kvennaár. Þjarnar Helga formaður og skrifstofustjóri, Berggrún, sendu inn grein um stöðu hinsegin kvenna og mikilvægi kvennasamstöðu óháð kynhneigð og kyntjáníngu. Í ár var það Mannréttindaskrifstofa Íslands sem hélt utan um átakið og Samtökin '78 þakka þeim fyrir.

UPPLÝSINGAÓREIÐA OG FALSFRÉTTIR

Árið 2024 urðu Samtökin '78 áfram fyrir barðinu á upplýsingaóreiðu og falsfréttum, en þó alls ekki í sama mæli og árið 2023. Að mestu einskorðaðist þessi málflutningur við jaðarmiðla, bloggsíður eða samfélagsmiðla einstaklinga. Enn er ákveðinn hópur fólks sem telur ranglega að Samtökin '78 sinni kynfræðslu í skólum.

KÖNNUN UM VIÐHORF TIL HINSEGIN FÓLKS

Samtökin '78 lögðu fyrir þrjár spurningar um viðhorf til hinsegin fólks, hinsegin fræðslu í grunnskólum og réttindabaráttu trans fólks í Þjóðarpól Gallup í júní 2023, og voru tvær þessara spurninga endurtekna árið 2024. Könnunin var lögð fyrir í seinni hluta júlí.


Íslenskt samfélag hefur ... í að samþykkja fólk sem er trans.



20% tóku ekki afstöðu, annað árið í röð.



Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við að grunnskólabörn fái fræðslu í skólanum um hinsegin málefni?



■ Frekar ósátt(ur) 9% (2023: 7%)

■ Mjög ósátt(ur) 5% (2023: 3%)

■ Að öllu leyti ósátt(ur) 4% (2023: 4%)

Sömu breytur tengdust svörun fólks í báðum spurningum, þ.e. aldur, kyn, búseta og menntun. Í spurningunni um fræðslu sést aukin skautun í tengslum við málefnið skýrt. Einnig sjáum við í þeirri spurningu sem snýr að trans réttindum að neikvæð þróun er sérstaklega áberandi meðal fólks á aldrinum 30-39 ára.

Áfram er stefnt er að því að endurtaka könnunina árlega og markmiðið er fyrst og fremst að fylgjast með stöðu mála, en einnig að fá upplýsingar sem geta nýst í að ná til fleiri hópa með markvissum hætti.

SKRÁNING Á ALVARLEGUM ATVIKUM

Á starfsárinu voru skráð 27 alvarleg atvik í skrá Samtakanna '78, sem er töliverð fækkun úr 58 atvikum árið 2023. Þó fjölgaði skráðum líkamsárásum milli ára, úr 4 í 7. Var atvikum safnað saman úr fjölmiðlum og af samfélagsmiðlum, meðal starfsfólks og úr skráningarformi Samtakanna '78 á vefsíðu þeirra. Þorbjörg, samskipta- og kynningarstjóri, sér um skráninguna.

Atvikin skiptast með eftirfarandi hætti niður á helstu flokka:

Áreitni	Skemmdarverk	Hótanir	Hatursáróður í almannarými	Líkamsárásir
6	5	1	2	7

Samhliða þessu fylgdust Samtökin '78 með hatursorðræðu gegn hinsegin fólki á netinu, sem var umtalsverð meðal jaðarhópa á netinu – en náði aldrei miklu flugi á borð við þær bylgjur sem við sáum 2023. Helsta bylgja hatursorðræðu gegn hinsegin fólki á árinu var í kringum sigur alsírsku hnefaleikakonunnar Imane Khelif á ÓL í París, en hún var ranglega sögð vera karlmaður með tilheyrandi siðfári, transfóbíu og intersexfóbíu.

KÆRUR OG LÖGREGLUMÁL

KÆRUR VEGNA HATURSORÐRÆÐU

Samtökin '78 halda áfram að láta reyna á lög sem sett eru til verndar hinsegin fólki og kærðu tvo einstaklinga til lögreglu fyrir hatursorðræðu á árinu 2024, en fyrir eru þrjár kærur frá árinu 2023. Öll eru þessi mál enn til meðferðar hjá lögreglu, annað hvort í rannsókn eða ákærumeðferð, svo við vitum til.

Þegar ákveðið er að kæra fyrir hatursorðræðu er alltaf horft bæði til stöðu viðkomandi einstaklinga í samfélaginu (og þar með líkum á að ummæli þeirra hafi samfélagsleg áhrif), alvarleika ummælanna og til endurtekningar þeirra.

Fyrri kæran var lögð fram 8. febrúar en sú seinni var lögð fram 25. júní. Seinni kæran vakti töliverða athygli í nóvember, þar sem hinn kærði var þá orðinn frambjóðandi í Alþingiskosningum og taldi um pólitískar ofsóknir að ræða þar sem lögregla hafði þá ákveðið að rannsaka málið og kalla hann í skýrslutöku. Félagið brást við ásökunum hans með eftirfarandi texta á Facebook-síðu félagsins:

Líkt og fram hefur komið í fjölmiðlum kærðu Samtökin '78 Eld Smára Kristinsson fyrir hatursorðræðu. Sú kæra var lögð fram 25. júní, eða fjórum mánuðum áður en Lýðræðisflokkurinn var stofnaður.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að Samtökin '78 sitja ekki undir því aðgerðarlaus þegar einstaklingar, um margra missera skeið, halda á lofti lygum um hinsegin fólk, og þá sérstaklega trans fólk – og ráðast að heilu hópnum með ósönnum ásökunum um annarlegar hvatir.

Um er að ræða sjö ummæli sem látin eru falla yfir tveggja ára tímabil. Meðal annars fullyrðir hann í einum ummælanna að Samtökin '78 séu að 'grooma' – eða tæla – börn. Í öðrum ummælanna kallar hann trans konur barnaníðinga. Slík ummæli eru óverjanleg og vega einfaldlega að öryggi starfsfólks okkar, sjálfbodaliða og alls hinsegin fólks í samfélaginu. Hatusorðræða leiðir af sér ofbeldi og þess vegna er löggjöf um slíka tjáningu um allan heim.

DÓMUR FYRIR HATURSORÐRÆÐU

Karlmaður á fimmtugsaldri var í október 2024 dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra til tveggja mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir hatursorðræðu gagnvart Samtökunum '78 og félagsmönnum þeirra. Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra höfðaði mál á hendur manningnum fyrir að hafa opinberlega smánað og ógnað Samtökunum '78, félagsmönnum samtakanna og fólki sem styður samtökin, með ummælum sem hann birti á Facebook-aðgangi sínum.

Ummælin sem dæmt var fyrir voru eftirfarandi og sett fram 2. október 2023:

„Þessi frásögn nægir til að fara í S78 samtökin og sprengja upp liðið og þau sem sleppa verða afhausuð eða hengd. FÓLK SEM ER Á VEGUM EÐA STYÐUR SAMTÖKIN 78 EÐA LGBTQ ER HÉR MEÐ SJÁLFKRAFA DÆMD TIL DAUÐA. ÉG ER BÚINN AÐ SEGJA ÞAÐ VIÐ YKKUR Í S78 AÐ ÞIÐ VERÐIÐ DREPIN.“

„HENGJUM OG AFHAUSUM ALLA SEM STYÐJA SAMTÖKIN 78 OG LGBTQ.“

„HÉR MEÐ LÝSI ÉG YFIR STRÍÐI VIÐ SAMTÖKIN 78 OG LGBTQ HVER OG EITT EINASTA SKÍTADRASL INNANUM S78 VERÐA DREGIN ÚT Á HÁRINU OG HENGD.“

„Þið öll sem eruð á vegum S78 og LGBTQ er hér með dæmd til dauða.“

LAGA- OG REGLUGERÐARBREYTINGAR

Á árinu var sett ný reglugerð nr 903/2024 um kynhlutlaus salerni og sérklefa í íþróttamannvirkjum í nýbyggingum eða við meiriháttar breytingar á húsnæðinu.

Þar segir: Í nýjum íþróttamannvirkjum eða eftir meiri háttar breytingu á húsnæði íþróttamannvirkja skal vera til staðar sérklefi eða sérklefar og skal að lágmarki einn sérklefi uppfylla kröfur algildrar hönnunar. Sérklefi er skilgreindur með eftirfarandi hætti í reglugerðinni: Sérklefi er kynhlutlaus búningaástaða með munaskáp, salernis- og baðaðstöðu og nýttist m.a. þeim sem þurfa sérstaka aðstoð eða sértækan búnað.

Um salerni segir: Æskilegt er að snyrtingar séu aðstöðumerktar, t.d. með myndum af salerni, skiptiaðstöðu og þvagskálum, frekar en kynjamerktar. Þar sem snyrtingar kvenna og karla eru aðskildar skal einnig vera til staðar kynhlutlaus snyrting.

Reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni hefur ekki verið breytt, en er á dagskrá aðgerðaráætlunar stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks.

Auk þess voru á árinu gerðar mikilvægar breytingar á reglugerð nr. 441/2006 um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs, og viðauka IV við sömu reglugerð. Engar sérstakar reglur gilda því lengur um hinar svokölluðu MSM-blóðgjafir, þ.e. blóðgjafir samkynhneigðra og tvíkynhneigðra karla, karla sem stunda kynlíf með öðrum körlum og fleiri hópa. Breytingarnar taka gildi sumarið 2025. Samtökin '78 munu að sjálfsögðu fylgja málinu eftir, þar sem um löngu tímabært afnám mismununar er að ræða.

HÖNNUNARSAMKEPPNI – TÁKN FYRIR KYNHLUTLAUS RÝMI

Á árinu fór af stað hönnunarsamkeppni í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Félags íslenskra teiknara og Trans Ísland. Samstarfsverkefnið markar fimm ár frá samþykkt laga um kynrænt sjálfræði, en Ísland er fremst í flokki hvað varðar lög sem þessi. Hins vegar er vandað og skýrt táknið fyrir kynhlutlaus rými enn ekki til. Samtökin '78 fá margar fyrirspurnir frá fyrirtækjum og stofnunum varðandi táknotkun, bæði hérlendis og erlendis frá. Væntingar standa því til að táknið hljóti athygli víða og komist í alþjóðlega dreifingu.

Samkeppnin snýst um að finna besta kynhlutlausa táknið fyrir almenningsrými, svo sem búningaklefa, salerni, sturtuádstöðu og svo framvegis. Táknið verður kynnt á HönnunarMars árið 2025.

HÝRASTA JÓLATRÉÐ 2024

Á árinu kynntu Samtökin '78 í fyrsta sinn Hýrasta jólatréð, og viðbrögðin fóru langt fram úr okkar björtustu vonum. Jólatréð seldist upp á aðeins 24 klukkustundum, sem sýnir hversu mikil þörf og áhugi er fyrir hátíðarskreytingu sem endurspeglar fjölbreytileikann.

Fyrsta Hýrasta jólatréð var hannað af Magnúsi Bjarna Gröndal, rekstrarstjóra Samtakanna '78. Til að mæta mikilli eftirspurn bjóðum við nú upp á áskrift að Hýrasta jólatrénu, þar sem fólk getur tryggt sér nýtt tré ár hvert. Með þessu viljum við skapa nýja hefð þar sem hinsegin listafólk fær tækifæri á hverju ári til að leggja sitt af mörkum í hönnun trésins.

Við erum óendanlega þakklát fyrir frábærar viðtökur og þann stuðning sem Hýrasta jólatréð fékk – og hlökkum til að sjá þessa hefð vaxa og dafna á komandi árum!

SKRÁNING HINSEGIN DAGA Á LANDSSKRÁ LIFANDI HEFÐA

Lifandi hefðir urðu til 2018 og gegna því hlutverki að vera yfirlitsskrá yfir óáþreifanlegan menningararf á Íslandi vegna samnings UNESCO frá 2003 um varðveislu menningararfða. Aðildarþjóðir samningsins geta tilnefnt hefðir sem stundaðar eru í hverju landi inn á yfirlitsskrá UNESCO og stuðlað þannig að varðveislu óáþreifanlegs menningararfs í hverju aðildarríki og vakið með því athygli á fjölbreytilegum hefðum sem stundaðar eru víða um veröld. Fyrsta skrefið í þessu er tilnefning á landsskrá hvers lands sem á Íslandi er Lifandi hefðir, en forsenda fyrir tilnefningu er alltaf sú að félög eða grasrót tilnefni ákveðna hefð. Á landsskra.is má t.a.m. lesa um brauðtertúr, berjamó, þjóðdansa, sundmenningu og mæðradagsblóm Kvenfélags Húsavíkur.

Í september hafði Sigurlaug Dagsdóttir, sérfræðingur á munasafni Þjóðminjasafns Íslands samband við Samtökin '78 og Hinsegin daga vegna hugmyndar um að skrá Hinsegin daga á skrána Lifandi hefðir og í framhaldinu þátttöku Íslands í sameiginlegri alþjóðlegri tilnefningu á Pride inn á ICH lista UNESCO. Formenn félaganna tveggja funduðu í framhaldinu með Sigurlaugu og Helgu Vollertssen, sérfræðingi safnsins. Á fundinum var ákveðið að halda opinn fund þar sem hinsegin samfélagið fengi tækifæri til að spyrja út í verkefnið. Sá fundur var haldin 23. nóvember í ráðstefnusal Þjóðminjasafnsins. Fundinn sóttu fá en ákveðið var að halda annan fund á nýju ári.

Hinsegin menning hefur sína sérstöðu eins og aðrir menningarkimar samfélagsins og er ein skýrasta birtingarmynd þeirrar frjósemi að finna í dagskrá Hinsegin daga sem nær hámarki í Gleðigöngunni. Það hefur mikið gildi að þættir hinsegin menningar hljóti

viðurkenningu á landsskrá Lifandi hefða og getur skráning Pride á heimsminjaskrá verið einn liður í því félagslega og pólitíska aðhaldi sem stjórnvöld víða um heim þurfa á að halda um þessar mundir.

BORGARLEIKHÚSIÐ MÁLÞING: HINSEGINLEIKINN Í LEIKHÚSINU

Í nóvember buðu Borgarleikhúsið og Samtökin '78 upp á málþing með fulltrúum Samtakanna '78 og leikhússins sem bar yfirskriftina *Hinseginleikinn í leikhúsinu*. Málþingið er liður í fræðslusamstarfi Borgarleikhússins og Samtakanna '78 sem er áframhaldandi inn í næsta ár. Edda fræðslustýra setti málþingið en Sigga Jónsdóttir leikhúsfræðingur ávarpaði og Bergrún skrifstofustjóri stýrði umræðum. Í panel voru Gréta Kristín Ómarsdóttir leikstjóri, Valur Freyr Einarsson leikstjóri, Hjörtur Jóhann leikari, Íris Tanja Flygenring leikari, Fannar Arnarsson leikari og Kristmundur Pétursson varaformaður Samtakanna '78. Líflegar umræður spruttu upp og Samtökin '78 þakka þeim kærlega fyrir sem mættu og tóku þátt með spurningum og vangaveltum. Við þökkum Siggu Jónsdóttur, Grétu, Vali, Hirti, Írisi og Fannari hjartanlega fyrir þátttöku og Emilíu Crivello og Maríönnu Clöru fyrir samstarfið.

RADDIR REGNBOGANS

Með stuðningi frá Reykjavíkurborg héldum við *Raddir Regnbogans* sem hluta af líflegri sumarstemningu borgarinnar. Upphaflega átti viðburðurinn að fara fram utandyra, en þar sem veðrið lék ekki við gesti var snarlega fundinn nýr staður á Suðurgötu 3.

Dagskráin speglaði fjölbreytileika og sköpun hinsegin listafólks.

Fram komu:

- Skaði Þórðardóttir
- Smokey Quartz the First
- Anna Valdís Kro og Karina Sæternes
- Sindri Sparkle
- Guðný Inga

Við erum þakklát Reykjavíkurborg fyrir stuðninginn og gestum fyrir komuna.

PIKKNIKK – BORGARBÓKASAFN

Sjálfbóðaliði ESC, Robin Lubbers, hélt utan um skemmtilegan viðburð með Borgarbókasafninu sem kallast Piknikk. Á viðburðinum er gestum boðið í lautarferð, inni á Borgarbókasafni Grófinni, þar sem rætt er sérstaklega um eitt málefni. Borgarbókasafnið fékk Samtökin '78 til þess að halda utan um einn slíkan viðburð og tala um hinsegin mál. Við þökkum Borgarbókasafninu fyrir samstarfið.

SEXUAL OUTLAWS AND MODEL CITIZENS

Rannsóknarverkefnið *Sexual outlaws and model citizens* (ísl. *Frá kynferðislegum útlögum til fyrimyndarborgara*) er fyrsta stóra verkefnið um sögu hinsegin fólks á Íslandi. Verkefnið fór af stað árið 2020 og var svo lokaráðstefna þess haldin í fyrirlestrarsal

Þjóðminjasafns Íslands þann 24. maí 2024. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Samtökin '78, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands.

Dagskrá ráðstefnunnar var bæði spennandi og skemmtileg fyrir þau sem áhuga hafa á sögu hinsegin fólks. Fræðimenn á sviði hinsegin sögu og bókmennta frá Íslandi, Írlandi, Danmörku og Finnlandi fluttu erindi og í lok málþingsins tók formaður Samtakanna '78, Bjarndís Tómasdóttir, þátt í pallborði sem bar yfirskriftina *Margradda kór. Að þúsla saman fortíðinni til að byggja upp hinsegin framtíð*. Aðrir þátttakendur voru: Ásta Kristín Benediktsdóttir, Háskóla Íslands, Íris Ellenberger, Háskóla Íslands og Lana Kolbrún Eddudóttir, blaðamaður, sagnfræðingur og fyrrum formaður Samtakanna '78.

MÁLÞING Á KYNJABINGI: HVERNIG KONA MÁ ÉG VERA?

Kynjaþing er lúðræðislegur og feminískur vettvangur á vegum Kvenréttindafélag Íslands og var haldið í Fjölbraut Ármúla í maí. Þátttakendurnir í pallborði Samtakanna '78 komu úr ólíkum áttum og hafa mikla og fjölbreytta innsýn inn í umræðuna sem snerist um óhefðbundna kyntjáningu kvenna. Í pallborði sátu Helga Haraldsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Silja Bára Ómarsdóttir og Vera Illugadóttir. Umræðum stýrði Helga Vala Helgadóttir.

ALMENNT UM RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNA

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að koma á staðinn eða fá viðtalstíma í gegnum síma eða yfir netið, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergjum í húsnæðum Samtakanna '78 á Suðurgötu 3 og á Suðurgötu 8 og í einstaka tilfellum á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds en geta ef þess er óskað styrkt Samtökin '78, gerst regnbogavinir og/eða félagar í Samtökunum '78. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.

Sigríður Birna Valsdóttir hefur sinnt starfi teymisstýru ráðgjafa frá því í september 2022. Auk þess að sinna ráðgjöf og sálrænum stuðningi í viðtölum hefur teymisstýra yfirsýn yfir verkefni ráðgjafarþjónustu, heldur utan um þá verktaka sem sinna ráðgjöf og býður upp á handleiðslu fyrir verktaka sem sinna ráðgjöf og fræðslu.

MARKMIÐ RÁÐGJAFARSTARFSINS

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp, auka lífsgæði hans og bjóða upp á hinsegin staðfestandi ráðgjöf. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Flest sem leita til ráðgjafa samtakanna eru hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flest eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð, kynvitund og/eða kyntjáningu á einhvern hátt. Mörg eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins heldur það áfram að aukast að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna eftir fræðslu, ráðgjöf og upplýsingum.

RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þau eiga það sameiginlegt að hafa mikla þekkingu á hinsegin málum og eru því vel í stakk búin til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Ráðgjafar geta boðið upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og pólsku en ef um annað tungumál er að ræða er boðið upp á túlkapjónustu. Einnig er í boði að fá viðtöl hjá hjúkrunarfræðingi og lögfræðiráðgjöf.

Teymisstýra ráðgjafa er Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (ráðgjafi frá vori 2009, teymisstýra frá september 2022).

Önnur í teyminu eru:

Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi (frá janúar 2022)

Ástrós Erla Benediktsdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2020)

Elín Margrét Ólafsdóttir, barna- og unglingasálfræðingur (frá maí 2022)

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)

Katrín Sigríður Júlíu Steingrímisdóttir, barna- og unglingasálfræðingur (frá maí 2024)

Ivana Golánová, sálfræðingur (frá mars 2022)

Margrét Nilsdóttir, sálfræðingur (frá október 2022)

Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi (frá september 2018).

Sigurður Ýmir Sigurjónsson, hjúkrunarfræðingur (frá ágúst 2020), hefur sinnt fyrirspurnum og ráðgjöf er varðar heilbrigðisþjónustu hinsegin fólks, bæði til einstaklinga og fagaðila í heilbrigðisþjónustu.

Wieslaw Kaminski, meðferðarfræðingur sinnir afmörkuðum verkefnum, sérstaklega ef þörf er á pólskumælandi ráðgjafa.

Hattie Rose Pacheco listmeðferðarfræðingur var með okkur fyrri hluta ársins og leiddi 10 vikna listmeðferðarhóp.

Lögfræðiráðgjöf sinna:

Ingibjörg Ruth Gulin (frá janúar 2023)

Kristrún Elsa Harðardóttir (frá september 2022)

Þær breytingar verða á teyminu árinu 2025 að bæði Ástrós Erla og Katrín Sigríður munu láta af störfum í upphafi árs og Alexander Björn mun taka sér frí frá störfum um óákveðinn tíma.

NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Fólk leitar til ráðgjafa af ýmsum ástæðum. Mörg leita til okkar vegna hinsegin mála sem snerta þau beint eða einhvern nákominn þeim á meðan önnur leita vegna annarra mála vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Mál sem koma ítrekað upp í ráðgjöf eru t.d. kvíði, félagskvíði, einangrun, sambandserfiðleikar, sjálfsskaði, sjálfsvígshugsanir og svo að sjálfsögðu önnur mál sem tengjast beint kynvitund, kynhneigð, kyneinkennum og/eða kyntjáningu.

Ætla má að um 2/3 þess hinsegin fólks sem leitar í þjónustuna sé að taka sín fyrstu skref í að skilgreina hinseginleika sinn á meðan um 1/3 hafi verið með hinseginleika sinn á hreinu í fleiri ár. Þau leita þá frekar vegna annarra mála er ekki snerta hinseginleikann beint. Fólk getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og/eða kyntjáningu án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum.

Samtökunum '78 berast of oft fregnir af því að félagsfólk hafi leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og að þau hafi jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og/eða kyntjáningar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við hinseginleika einstaklings og gera þessar breytur að aðalumræðuefni þótt fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál.

Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að leita í hinsegin staðfestandi ráðgjöf, þar sem kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og/eða kyntjáningu þeirra er tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við. Árið 2024 var töluvert um að fólk leitaði í ráðgjöf vegna áhrifa hatursorðræðu og fordómfullrar umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

SKJÓLSTÆÐINGAR SAMTAKANNA '78 SEM LEITA AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND

Samtökin '78 þjónustuðu á árinu um 70 einstaklinga sem leita að alþjóðlegri vernd á Íslandi, eða hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Okkar fólk er á misjöfnum stað í ferlinu, sum þeirra eru nýkomin til landsins, önnur hafa verið lengi, sum hafa fengið sjálfkrafa viðbótarvernd og önnur dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þau sækja bæði sálfélagslegan stuðning og lögfræðiráðgjöf.

Eftir að ríkisstjórnin tilkynnti þeim einstaklingum sem komu hingað frá Venesúela að sú sjálfkrafa viðbótarvernd sem fékkst áður væri ekki lengur til staðar höfum við horft á eftir stórum hópi hinsegin fólks frá Venesúela sem hefur nú verið brottvísað. Við vitum ekki um afdrif þessa fólks, sem mörg hver höfðu komið út úr skápnum meðan þau voru hér og áttu ekki afturkvæmt til fjölskyldna sinna. Ríkisstjórnin kynnti heildarstefnumótun í málaflokknum á árinu 2024, en þar er sérstaklega talað um að taka á móti hinsegin fólki sem leitar að vernd. Samt var okkar skjólstæðingum vísað úr landi.

Auk þess hafa Samtökin tekið á móti fólki frá Afríku, Mið-Austurlöndum, Úkraínu og fleiri stöðum á starfsárinu.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS 2024

Umfang ráðgjafarþjónustunnar hefur verið nokkuð stöðugt síðustu tvö árin, en hefur aukist verulega ef litið er á síðustu árin, árið 2019 voru viðmælendur 345 og viðtölin 905, síðan þá hefur viðmælendum og viðtölum fjölgað töluvert ár frá ári. Árið 2024 voru viðmælendur í kringum 630 og viðtölin 1435 en miðað við árið 2023 var fjöldi viðmælenda mjög svipaður en viðtölin 1622. Þessi fækkun viðtala stafar m.a. af því að Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa fór í fæðingarorlof hluta úr ári.

Fleiri viðmælendur koma í lengri tíma en áður og við finnum að fleiri viðmælendur okkar þurfa meiri aðstoð frá ráðgjöfum en eitt viðtal. Þetta má m.a. rekja til þeirra áhrifa sem bakslagið, umræður í samfélaginu og pólitískt landslag í heiminum hefur valdið.

Fagfólk sem starfar með hinsegin fólki t.d. kennarar, námsráðgjafar og starfsfólk velferðar- og heilbrigðisþjónustu sækir hins vegar yfirleitt ráðgjöf eingöngu í eitt skipti en það hefur samt aukist að fagfólk leitar oftast en einu sinni og við finnum að fagfólk upplifir meira óöryggi gagnvart auknum og herskárri fordómum.

Þau sem sækja ráðgjöfina eru af öllum kynjum og er dreifing á milli kynja nokkuð jöfn þó eru konur í nokkrum meirihluta þegar kemur að þeim aðstandendum og fagaðilum sem leita ráðgjafar.

Aldur viðmælenda er frá 8 ára og upp í 80 ára, flestir hinsegin viðmælendur eru á aldrinum 20–35 ára eða um 70% og um 25% eru yngri en 18 ára. Flestir aðstandendur sem leita í ráðgjöf eru hins vegar á aldrinum 35–55 ára.

Að meðaltali sækja viðmælendur tvo til þrjú ráðgjafatíma. Þó verður að hafa í huga að aðstandendur og fjölskyldur koma mögulega í einn ráðgjafatíma á meðan þeim fjölgar stöðugt sem koma í viðtöl mánaðarlega eða oftast yfir lengri tíma og þó nokkur dæmi eru um að einstaklingur komi í yfir 25 viðtöl. Því er erfitt að festa fingur á það hve oft einstaklingar koma þar sem hópurinn sem sækir sér ráðgjöf er fjölbreyttari en nokkru sinni.

Um 11% þeirra sem leita í ráðgjöf eru einstaklingar að sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi og þau koma yfirleitt alltaf í tvo eða fleiri ráðgjafatíma.

Fjöldi viðmælanda sem sótt hafa ráðgjafafjónustu




Ef bara eru skoðaðar upplýsingar frá þeim sem skilgreina sig hinsegin og leita í ráðgjöf fyrir sig þá kemur m.a. eftirfarandi fram:


Kynvitund fólks sem sækir ráðgjafafjónustu



Kynhneigð fólks sem sækir ráðgjafafjónustu



Ástæður þess að fólk sækir ráðgjafafjónustu



Fólk sem sækir ráðgjafafjónustu hefur upplifað



Langflestir aðstandendur sem sækja ráðgjöf eru að óska eftir fræðslu og upplýsingum til að geta stutt börn og ungmenni sem eru að velta fyrir sér kynvitund sinni og/eða kynhneigð og eru að stíga sín fyrstu skref í að koma út fyrir fjölskyldu/vinum og samfélagi. Við finnum fyrir auknum áhyggjum aðstandenda síðasta árið á hvernig samfélagið tekur á móti börnum þeirra hvort sem um er að ræða kynhneigð, kynvitund eða kynþjáningu eins hafa áhyggjur aðstandenda trans barna og ungmenna aukist verulega bæði vegna hræðslu við að heilbrigðisþjónusta verði skert en eins hefur það aukist að fjölskyldumeðlimir séu ekki tilbúnir til að styðja við trans fjölskyldumeðlimi.

Vert er að taka fram að tölur um fjölda viðmælenda taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78 sem eru 6 talsins og yfirleitt haldnir mánaðarlega hver.

STUÐNINGSHÓPAR OG NÁMSKEIÐ

6 reglulegir stuðningshópar voru starfandi á starfsárinu og eru yfirleitt vel sóttir, um 50–70 manns nýta sér þessa þjónustu í hverjum mánuði. Við fórum einnig af stað með ný námskeið bæði styttri og lengri og buðum upp á einstaka fræðsluviðburði bæði fyrir ungmenni og aðstandendur.

STARF FYRIR 13–17 ÁRA

Í upphafi árs auglýstum við tvö námskeið fyrir þennan aldurshóp, *Tónsmiðju* og *Sjálfstyrkingu og jóga*. Seinna námskeiðið náði því miður ekki nægri þátttöku og fór ekki í gang. Við buðum einnig upp á þrjár vinnusmiðjur, eina um kvíða, aðra um hvernig við svörum fordómum og svo buðum við upp á *Comic Making workshop* með Fox Fisher. Nú í janúar fórum við svo aftur í gang með reglulega stuðningsfundi fyrir 13–17 ára trans ungmenni sem verða einu sinni í mánuði í Spennistöðinni/Hinsegin félagsmiðstöð.

TÓNSMIÐJA

Tónsmiðja fyrir trans ungmenni 13–17 ára hófst í janúar og var fram að páskum. Mara Birna Jóhannsdóttir tónlistarkona leiddi hópinn. Við fengum aðstöðu í rými Læti (áður Stelpur rokka) í Breiðholti og í lok smiðjunnar var hópurinn búinn að semja lag. Tónsmiðjan vakti mikla lukku og það er mikill vilji fyrir áframhaldandi samstarfi við Læti og Möru Birnu.

SJÁLFSTYRKING OG JÓGA

Í febrúar auglýstum við 10 vikna sjálfstyrkingarnámskeið fyrir hinsegin ungmenni 15–18 ára þar sem áherslan var á sjálfspækingu í gegnum úmsar líkamlegar og huglægar æfingar. Við náðum ekki nægri skráningu á það námskeið en í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að auglýsa námskeiðið fyrir fullorðið hinsegin fólk. Ástrós Erla ráðgjafi leiddi námskeiðið, námskeiðið var mjög vel sótt og mikil ánægja með það. Ákveðið var að bæta við 5 tímum að ósk þátttakenda svo námskeiðið var í 15 vikur. Námskeiðið var haldið í sal á Center Hotel við Ingólfstorg en lánið á salnum var hluti af samstarfi félagsins við Center hotels.

STARF FYRIR 18 ÁRA OG ELDRA TRANS FÓLK

Sigríður Birna ásamt öðrum ráðgjöfum leiðir hóp fyrir trans fólk 18 ára og eldra einu sinni í mánuði. Þessir fundir eru mjög vel sóttir og það skapast oft góðar umræður um ýmislegt sem viðkemur trans ferlinu, samfélaginu, fordómum og fleiru. Við bjóðum einnig upp á hóp einu sinni í mánuði fyrir fullorðnar trans konur. Þessir fundir eru einnig vel sóttir og þörfin á þeim hefur virkilega sýnt sig. Báðir hóparnir hafa oft verið á ensku þar sem það hefur aukist að fólk sem ekki talar íslensku sækir í hópana og það hefur gengið mjög vel.

Eins hefur jafningjahópur lengra komins trans fólks 18+ hist einu sinni í mánuði og verið leiddur af sjálfbóðaliðum hjá Samtökunum '78 sem sjálf eru trans.

STUÐNINGSHÓPAR Á ERLENDUM TUNGUMÁLUM FYRIR HINSEGIN FÓLK

Ivana Golánová ráðgjafi leiddi stuðningshóp á spænsku mánaðarlega. Hópurinn er vel sóttur og mun starfa áfram. Markhópurinn hefur verið hælisleitendur frá Venesúela og það sýndi sig fljótt hversu mikil þörf var á hópnum. Ingibjörg Ruth Gulín lögfræðingur Samtakanna '78 fór inn hópinn í nokkur skipti og svaraði spurningum og var með fræðslu. Árið 2025 stefnum við á að fara af stað með svipaðan hóp fyrir fólk frá Úganda.

STUÐNINGUR FYRIR AÐSTANDENDUR

Sigríður Birna hefur leitt fund fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna einu sinni í mánuði í mörg ár. Það hefur margsýnt sig að þörfin er mikil og aðstandendur eru duglegir að nýta sér þessa fundi. Við reyndum að bjóða upp á fundi eingöngu fyrir aðstandendur fullorðins trans fólks á fyrri hluta ársins en það sýndi sig að mjög oft voru fundirnir sameinaðir. Við höfum því eingöngu boðið upp á einn fund í mánuði undanfarið en bjóðum alla aðstandendur velkomna. Við höfum yfirleitt boðið upp á streymi á fundum og þannig gefið aðstandendum af landsbyggðinni tækifæri til að vera með.

Eins buðum við upp á nokkur fræðsluerindi á árinu á fundum, t.d. fyrirlestur með Uglu Stefaniú um málefni trans fólks og vinnustofu um gagnræðu.

Við stefnum að því að halda áfram að bjóða upp á regluleg fræðsluerindi fyrir aðstandendur trans fólks og gera meira af því að vera með fundi yfir netið og reyna að ná betur til aðstandenda á landsbyggðinni og/eða þeirra sem ekki eiga heimangengt.

HÓPUR FYRIR FJÖLKÆRA

Í lok ársins fórum við í gang með stuðningshóp fyrir fjölkæra. Ástrós Erla, Margrét og Alexander Björn ráðgjafar munu halda utan um þann hóp. Markmiðið er að skapa rými fyrir fjölkæra til að fá ráðleggingar og stuðning og möguleika á að byggja upp tengsl við aðra innan hinsegin samfélagsins sem hafa svipaða reynslu. Hópurinn hefur fengið mjög góðar viðtökur og er vel sóttur.

REGNBOGASTUND

Við byrjuðum að bjóða upp á Regnbogastund fyrir trans börn og kynjakönnuði á aldrinum 4–10 ára og aðstandendur þeirra árið 2023 og héldum áfram með hana fyrstu mánuði síðasta árs. Við gerðum svo hlé á starfinu, en þessar stundir hafa nú hafist aftur og er mikil ánægja með það. Stefnt er að því að stundin verði haldin reglulega áfram en þar hittast börnin og föndra, teikna og leika sér með leiðbeinendum á meðan aðstandendur fá tækifæri til að spjalla saman.

Þau sem halda utan um Regnbogastund eru Sigríður Birna, Elín Margrét og Alexander Björn ráðgjafar en auk þeirra fengum við til liðs við okkur Sólveigu Rós foreldra- og uppeldisfræðing og Moberg Ordal nema í félagsráðgjöf sem hefur mikla reynslu af því að vinna með börnum.

Við lögðum upp með það að fá fullorðið trans fólk með okkur í barnastarfið og að starfið væri leitt af fagfólki og munum halda því áfram. Þetta starf hefur verið mjög gefandi og gengið vel.

LISTMEÐFERÐ

Á fyrri hluta árs buðum við upp á lokaðan listmeðferðarhóp í 10 vikur fyrir trans fólk á aldrinum 18–25 ára sem Hattie Rose Pacheco listmeðferðarfræðingur leiddi. Markmið hópsins var að vinna að aukinni sjálfsþekkingu, meðvitund og styrkingu.

HEILSA OG STYRKUR

Verkefnið Heilsa og styrkur fór í gang í upphafi árs 2023 og á árinu var boðið upp á tvö heilsuhvetjandi námskeið. Fyrra námskeiðið var eingöngu ætlað trans fólk en í september fórum við í gang með annan hóp og opnuðum þá námskeiðið fyrir allt hinsegin fólk. Ragnheiður Silja sjúkraþjálfari hefur leitt verkefnið frá upphafi en á haustönn kom Vilhjálmur Ósk íþróttá- og heilsufræðingur til liðs við hana og hefur hán haldið utan um sálrænan stuðning, hvatningu og aðra fræðslu. Einnig hafa þátttakendur fengið næringarráðgjöf og fræðslu frá nokkrum gestafyrirlesurum. Þau sem hafa sótt námskeiðið fram að þessu hafa verið mjög ánægð með námskeiðið en hér má lesa ummæli eins þátttakanda:

„Heilsa og styrkur kom til mín á hárréttum tíma. Það var stressandi að hreyfa sig því ég kundi það ekki, en þarna var mögulega einhver byrjunarpunktur. Og svo sannarlega. Þetta yndislega fólk tekur manni nákvæmlega eins og maður er, og gefur hverju og einu ráðgjöf þar sem það er. Notaleg líkamsrækt og fræðsla? Þetta er það.“

Upphaflega markmiðið var að ná til trans fólks sem ekki hefur treyst sér til að sækja í heilsuhvetjandi þjónustu sökum kynama, en námskeiðið hefur verið í stöðugri þróun og þriðja námskeiðið hófst núna í janúar. Fljótlega var ljóst að námskeiðið myndi nýtast mun fleirum innan hinsegin samfélagsins sem af ýmsum ástæðum hafa ekki treyst sér til að sækja í heilsuhvetjandi þjónustu annars staðar sem leiddi til þess að það var opnað fyrir öll sem eru hinsegin.

Námskeiðið er tvisvar í viku í 12 vikur í senn og samanstendur af hreyfingu, hvatningu, ýmiskonar fræðslu, næringarráðgjöf og sálrænni ráðgjöf. Þetta er verkefni sem við viljum festa í sessi og stefnan að halda áfram að þróa þetta námskeið þannig að það henti sem best hópnum og einnig að finna leiðir til þess að ná til þeirra sem virkilega þurfa á þessu að halda og fjölga þátttakendum á námskeiðinu.

LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks og annarra hinsegin einstaklinga sem leita aðstoðar samtakanna. Krístrún Erla Harðardóttir, lögmaður og Ingibjörg Ruth Gulín, lögfræðingur hafa sinnt lögfræðiráðgjöfinni saman frá byrjun árs 2023.

Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður sinnir eingöngu ráðgjöf til félagsins sem felst í því að vera ráðgefandi til stjórnar og starfsfólks félagsins vegna ýmissa vandamála sem upp kunna að koma í starfi félagsins. Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur sinnir frumathugun mála og metur hvort og þá hvenær þurfi að kalla lögmann félagsins að borðinu í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna.


Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur, býður upp á hvers konar lögfræðilega ráðgjöf til félagsmanna auk þess að vera ráðgefandi við starfsfólk og stjórn. Ingibjörg vinnur jafnframt náð með öðrum ráðgjöfum innan Samtakanna og hefur sinnt viðtölum með öðrum ráðgjöfum í viðeigandi tilfellum.

Málefni útlendinga, hvort sem er umsækjenda um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi almennt, voru áberandi í lögfræðiráðgjöfinni árið 2024. Lögfræðingur Samtakanna veitti þeim aðilum sem óskuðu eftir lögfræðilegri ráðgjöf viðeigandi upplýsingar um ferli umsókna um alþjóðlega vernd sem og um önnur álitafni því tengdu ef upp komu. Þá vann lögfræðingur Samtakanna mikið með öðrum ráðgjöfum innan Samtakanna og skrifaði fjölda stuðningsbréfa með þeim ráðgjöfum til stuðnings máls þeirra og gætti að samstarfi við talsmenn umsækjendanna.

Á síðustu árum hefur átt sér stað mikil réttarbót fyrir hinsegin fólk, sér í lagi trans og intersex með tilliti til lögfestingar laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Þó er ýmislegt sem má betur fara og skýra þarf í heilbrigðismálum trans fólks. Lögfræðingurinn hefur ásamt viðeigandi sérfræðingum innan Samtakanna '78 verið í samskiptum við ráðuneyti hvað það varðar.

Bakslag og hatursorðræða hefur aukist verulega. Þetta hefur endurspeglast í lögfræðiráðgjöf Samtakanna '78, bæði hjá einstaklingum og innan samtakanna árið 2024. Aukin hatursorðræða hefur borið með sér aukið áreiti, ofbeldi og mismunun gagnvart hinsegin einstaklingum sem hafa jafnframt leitað eftir lögfræðiráðgjöf hjá Samtökunum.

Helstu málaflokkar ársins 2024:



REGNBOGALÍNAN

Árið 2024 var unnin töluverð undirbúningsvinna fyrir nýtt úrræði á vegum Samtakanna '78, en það er Regnbogalínan. Gert er ráð fyrir því að hún verði opin eldra hinsegin fólki, þar sem fólk getur hringt og spjallað um daginn og veginn við sjálfboðaliða. Samtökin '78 hafa notið liðsinnis Rauða Kross Íslands við undirbúninginn að þessu verkefni og þjálfun sjálfboðaliða, en stefnt er að því að Regnbogalínan verði að veruleika á vormánuðum 2025.

ÞRÓUN RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Starf ráðgjafapjónustu er í stöðugri þróun og það er mikill hugur og metnaður í ráðgjöfum fyrir komandi ári. Stöðugildi teymisstýru hefur haft það í för með sér að haldið hefur verið betur utan um ráðgjafa og betri yfirsýn höfð yfir þjónustuna og þörfina á þjónustu.

Við erum með mjög öflugt og hæft ráðgjafateymi og höfum lagt áherslu á að ráða fólk með sem víðtækasta reynslu bæði er kemur að hinsegin málum og þekkingu af sálrænum stuðningi og vinnu með fólki í margs konar vanda. Eins reynum við alltaf að vera með ráðgjafa í okkar röðum sem hafa góða þekkingu á málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Við leggjum áherslu á að öll geti sótt í ráðgjöf og að tungumál sé ekki hindrun. Við bjóðum upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og getum boðið upp á ráðgjöf á pólsku sé þess óskað. Þegar þess þarf leggjum við áherslu á að finna öfluga tólka sem helst hafa einhverja þekkingu/áhuga á hinsegin málefnum og hafa Samtökin '78 verið afar heppin með tólka fram að þessu.

Við leggjum áherslu á endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa og höfum reynt að bjóða upp á reglulega fræðslufundi þar sem bæði er markmiðið að deila þeirri þekkingu sem er til staðar í hópnum og fá viðeigandi utanaðkomandi fræðslu. Við stefnum á að halda því áfram og halda áfram að efla endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa. Eins hefur verið lögð áhersla á að ráðgjafar fái handleiðslu og teymisstýra býður uppá reglulega handleiðslu til ráðgjafa sem þeir hafa verið duglegir að nýta sér undanfarið ár.

Stuðningshópum og fundum fjölgar og þörfin á slíkum stuðningi hefur virkilega sýnt sig en við höfum líka fundið fyrir þörf á meiri fræðslu og upplýsingum til félagsfólks og aðstandenda þeirra um afmörkuð mál. Við stefnum á að halda fleiri fræðslufundi og styttri námskeið um afmörkuð mál á næsta ári. Eins hefur þörfin fyrir lokuð virkni-námskeið virkilega sýnt sig og við munum halda áfram að þróa slík námskeið en við þurfum að halda áfram að finna leiðir til að ná til stærri hóps innan hinsegin samfélagsins til að fleiri sem þurfa á því að halda nýti sér þessi námskeið.

Lögð hefur verið áhersla á gott starfsumhverfi ráðgjafa síðasta árið og herbergi í rými á Suðurgötu 8 hefur reynst mjög vel og gert það m.a. verkum að fleiri en einn ráðgjafi geta starfað á sama tíma og tveir stuðningshópar geta verið í gangi í einu. Rýmið á Suðurgötu 8 er því miður ekki með hjólastólaaðgengi þannig að þegar aðgengi er nauðsynlegt er þjónustan á Suðurgötu 3.

FRAMTÍÐ RÁÐGJAFARÞJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafarþjónustunnar er að á árinu 2025 verði haldið áfram að styrkja ráðgjafarþjónustuna og haldið verði áfram að fara yfir ferla og verklag og yfirfara komuskýrslur og gera notkun þeirra markvissari. Við erum með ótrúlega öflugan og færán hóp ráðgjafa sem mörg búa yfir þekkingu á hinsegin málum sem er vandfundin annars staðar og mjög mikilvægt að halda vel utan um teymið og gera allt til þess að starfsumhverfi þeirra sé þannig að þau vilji vera áfram og að þau geti þróast enn frekar í starfi. Við munum þurfa að fjölga í teyminu í upphafi árs því þörfin er mikil og vinna við það er hafin.

Við höldum áfram að efla endurmenntun og gefa ráðgjöfum færi á að sækja námskeið og/eða ráðstefnur erlendis, bæði til að sækja þekkingu sem er vandfundin annars staðar og til að efla tengsl við aðra sem vinna við hinsegin- og kynstaðfestandi þjónustu. Eins er mikilvægt að handleiðsla sé alltaf aðgengileg þar sem mál halda áfram að þyngjast og álagið hefur aukist verulega.

Mikilvægt er að halda áfram að greina þörfina og halda áfram að gera ráðgjafarþjónustuna sýnilegri og reyna að ná til víðari hóps. Eins höldum við áfram að leggja áherslu á mikilvægi hinsegin- og kynstaðfestandi þjónustu (e. queer and gender affirming care) sérstaklega meðal annarra fagaðila innan velferðar og heilbrigðisþjónustu, með samtölum, samvinnu og fræðslu.

Við munum halda áfram að efla stuðningshópana okkar, bæta við hópum og eins halda áfram að bæta við virknihópum/námskeiðum í styttri eða lengri tíma fyrir börn, ungmenni og fullorðið fólk.

Nú í febrúar fór í gang sjálfstyrkingarnámskeið fyrir 10–12 ára trans börn og kynjakönnuði og það verður spennandi að sjá hvernig það gengur.

Að lokum er það draumur teymisstýru ráðgjafa að á árinu 2025 verði ráðinn ráðgjafi í hlutastarf sem muni aðstoða hana við yfirsýn og greiningu á þörf og að koma í gang öllum þeim verkefnum sem okkur langar að setja af stað.

NEYÐARAÐSTOÐ

Samtökin '78 hafa á árinu veitt nokkrum einstaklingum sem búa við mikla neyð fjárhagslega aðstoð. Eins hafa Samtökin '78 skotið skjólhúsi yfir einstaklinga sem telja sig ekki örugga í núverandi aðstæðum og þurfa tíma og frið. Þetta er að sjálfsögðu ekki til langs tíma en býr til nauðsynlegt svigrúm fyrir fólk. Samtökin '78 hafa lent í því á starfsárinu að vera síðasta úrræði fólks, hvort sem önnur félagasamtök hafa ekki getað veitt aðstoð eða hið opinbera. Samtökin þurfa að móta sér stefnu til framtíðar varðandi þessi mál og er sú vinna hafin.

SAMNINGUR VIÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Samtökin '78 hafa samið við forsætisráðuneytið síðustu árin. Nýr samningur fyrir árið 2024–2027 var undirritaður 14. febrúar 2024 af Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, og Álfi Birki Bjarnasyni, formanni. Eftir mikla vinnu síðustu ár við að hækka framlag til Samtakanna '78 vegna fjölbreyttari, stærri og umfangsmeiri verkefna þá skilaði sú vinna sér sannarlega með þessum samningi. Nýr samningur er til fjögurra ára og hljóðar upp á 40 milljónir króna á ári. Skv. samningum skulu Samtökin '78 sinna eftirfarandi verkefnum:

- Fræðsla um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning. Skál fræðslan veitt án endurgjalds og vara a.m.k. í klukkustund í hvert sinn. Viðmið um fjölda fræðsluerinda á ári: 30 fundir
- Eiga fulltrúa í nefndum, ráðum og starfshópum um jafnréttis- og mannréttindamál á vegum stjórnvalda sé þess óskað.
- Virk þátttaka í árlegu kynjapingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála og tryggja að raddir hinsegin fólks heyrist á þinginu.
- Þátttaka í alþjóðasamstarfi, þ.m.t. vestnorrænu og norrænu samstarfi, með það að markmiði að byggja upp tengsl við systursamtök og miðla af reyngslu hér á landi.

SAMNINGUR VIÐ MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Síðustu misseri hefur mikil vinna verið lögð í það að Samtökin '78 semji um verkefni við fleiri ráðuneyti en forsætisráðuneytið, enda samtökin ekki einungis jafnréttis- og mannréttindasamtök, hagsmunasamtök og frjáls félagasamtök heldur einnig fræðslusamtök og ráðgjafamiðstöð. Mennta- og barnamálaráðherra svaraði kallinu og taldi mikilvægt að efla fræðslustarf Samtakanna '78 og 5. febrúar 2024 undirritaði hann nýjan samning með Álfi Birki Bjarnasyni, formanni, við Samtökin '78. Samningurinn hljóðar upp á 25 milljónir á árinu 2024 og skv. honum skulu samtökin sinna eftirfarandi verkefnum:

- Þróa og framleiða vandað námsefni um hinseginleikann fyrir alla aldurshópa.
- Gefa út fræðsluefni um hinsegin málefni sem beinist sérstaklega að fagaðilum í skólastarfi.
- Þróa aðgengilegt fræðsluefni á netinu, sem er m.a. sett fram á barnvænan máta.
- Koma upp tengiliðaneti í grunn- og framhaldsskólum landsins um hinseginleikann.
- Veita fræðslu og ráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum um hinsegin málefni.
- Sinna þróunarstarfi á landsbyggðinni.

Unnið er að því að endursemja við mennta- og barnamálaráðuneytið en samtal var komið af stað milli Samtakanna '78 og mennta- og barnamálaráðherra um nýjan þriggja ára samning áður en til stjórnarslita kom. Samtalið mun halda áfram við nýjan ráðherra málaflokksins á vormánuðum.

SAMNINGUR VIÐ FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ

Líkt og sagt er í kaflanum hér að ofan þá hefur töluverð vinna farið í að breikka samningsgrundvöll Samtakanna og fá fleiri ráðuneyti í samningagerð. Félags- og vinnumarkaðsráðherra tók mjög vel í þær hugmyndir að koma inn með fjármagn, og þá sérstaklega er varðar ráðgjöf og stuðningshópa.

4. janúar 2024 undirrituðu Bjarndís Helga Tómasdóttir, þá varaformaður, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, nýjan samning sem skuldbindur Samtökin '78 til að sinna eftirfarandi verkefnum:

- Einstaklingsráðgjöf
- Stuðningur- og félagshópar
- Sértekur stuðningur við flóttafólk
- Sértekur stuðningur við eldra fólk
- Virkniþópar
- Samþætting þjónustunnar


Unnið er að því að endursemjja við félags- og húsnæðismálaráðuneytið en samtal var komið af stað milli Samtakanna '78 og ráðherra um nýjan þriggja ára samning áður en til stjórnarslita kom. Samtalið mun halda áfram við nýjan ráðherra málaflokksins á vormánuðum.

SAMNINGUR VIÐ ALÞINGI

Síðustu fjögur ár hefur fjárlaganefnd Alþingis komið með sértekkan styrk til Samtakanna '78. Árið 2023 var 15 milljóna króna styrkur veittur vegna bakslags í réttindabaráttu hinsegin fólks. Fyrir árið 2024 ákvað fjárlaganefnd þingsins að veita Samtökunum '78 tímabundinn 12 milljóna styrk en markmið þessa og tilgangur er að styðja almenn við rekstur Samtakanna '78 og skjóta styrkari stoðum undir almenna starfsemi. Fjárlaganefnd ákvað svo í lok árs 2024 að veita Samtökunum 7 milljóna króna styrk vegna ársins 2025.

Samtökin '78 munu verja styrknum, skv. fjárhagsáætlun, til að bregðast við óvæntum verkefnum t.d. vegna bakslags í baráttunni.

ÞRÓUN SAMNINGA FRÁ 2016



SAMNINGAR VIÐ SVEITARFÉLÖG


Samtökin '78 eru ekki einungis með öfluga þjónustusamninga við ríkið heldur einnig sveitarfélög. Unnið hefur verið að því að einfalda alla samninga við sveitarfélög og samræma þá, bæði er varðar fjölda fræðsluerinda sem og til hvers fræðsluerindin fara. Allir samningarnir eiga það sameiginlegt að samið er um eftirtalda þætti:

- Fræðsla til starfsfólks grunnskóla
- Fræðsla til nemenda grunnskóla
- Fræðsla til stjórnenda
- Fræðsla til starfsfólk leikskóla
- Fræðsla til félags- og frístundamiðstöðva
- Fræðsla til þjálfara íþróttafélaga


Sveitarfélögin hafa svo heimild til að auka við suma þætti eða draga úr þeim, allt eftir þeirra hentugleika. Sama verð er fyrir öll fræðsluerindi og er það skv. gjaldskrá Samtakanna '78 nema að samningsbundin sveitarfélög fá um 20% afslátt á sín fræðsluerindi. Þau sveitarfélög sem eru með virkan samning við Samtökin '78 í upphafi árs 2025 eru: Vesturbyggð, Fjarðarbyggð, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær, Grundarfjarðarbær, Garðabær, Húnaþing Vestra, Mosfellsbær, Múlaþing, Rangárþing Eystra og BS Oddi og Hafnarfjörður.

REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Á síðustu fimm árum hafa Samtökin '78 fjárfest töluverðu fé í að stækka og sinna mánaðarlegum styrkjendum sem kallast Regnbogavinir. Verkefnið hefur gengið afar vel á síðustu misserum og gera Samtökin ráð fyrir að annað árið í röð greiði verkefnið umtalsverðan hluta þegar kemur að félagsstörfum, hagsmunabaráttu, almennum rekstri og öðrum afleiddum starfsmannakostnaði. Þróunin hefur sannarlega verið í rétta átt en Regnbogavinir hafa komið inn með tekjur til Samtakanna '78 sem svo segir:



Fjöldi Regnbogavina er sem hér segir:



AÐRIR STYRKIR

Líkt og síðustu ár þá eru Samtökin '78 rík af velunnurum og vinum sem reglulega styrkja Samtökin með einum eða öðrum hætti. Hvort sem um er að ræða styrki með peningagjöfum, afsláttum eða vörum þá er fjöldi fyrirtækja sem gerir rekstur Samtakanna '78 auðveldari. Má þar helst nefna Bílaleigu Akureyrar sem leigir samtökunum bíla á miklum afslætti, Te & kaffi sem sjá skrifstofunni fyrir te og kaffi, Ölgerðin sem fyllir á ísskáp skrifstofunnar og Pink Iceland sem hafa verið dugleg við að vekja athygli á Samtökunum og styrkt þau reglulega.

Er öllum þessum fyrirtækjum, ásamt fleirum, þakkað innilega fyrir stuðninginn. Áhersla verður lögð á að fjölga styrktaraðilum á árinu 2025 en mikilvægt er að Samtökin séu með sem flesta anga úti í leit að fjármagni.

HINSEGIN KAUPFÉLAGIÐ

Hinsegin kaupfélagið hefur verið sameiginlegt fjáröflunarverkefni Hinsegin daga og Samtakanna '78. Meginmarkmið þess er fjáröflun.

Á þessu ári var rekstur kaupfélagsins endurskoðaður og færður undir umsjón rekstrarstjóra Samtakanna '78. Unnið er að því að auka vöruúrval og tryggja aðgengi að hágæða hinsegin vörum. Sala jókst verulega á árinu, og ein vinsælasta varan var Hýrasta jólatréð, sem seldist upp á innan við sólarhring. Tréð, sem var sérstaklega hannað af Magnúsi Bjarna Gröndal, vakti mikla lukku og stendur til að það verði nú árleg hefð í vöruúrvali kaupfélagsins.

Með aukinni áherslu á vandað vöruúrval stefnir Hinsegin kaupfélagið á að verða enn öflugri vettvangur fyrir fjáröflun og hinsegin sýnileika. Velgengni Hýrasta jólatrésins sýndi hversu mikil eftirspurn er eftir einstökum hinsegin vörum, og því verða fleiri vörur þróaðar með það að markmiði að skapa nýjar hefðir og styrkja fjáröflunina.

Með þessum breytingum stefnir kaupfélagið í bjarta framtíð þar sem það verður sterkur hluti af hinsegin samfélaginu og stuðningsaðilum þess.


KOMANDI REKSTRARÁR

Rekstrarárið 2024 hefur aldrei verið stærra. Með ört fjölgandi verkefnum, faglegri þjónustu og fjölgun stuðnings-, félags- og virkniþópa þarf að gera ráð fyrir töluvert meira fjármagni í ráðgjafa- og fræðslustarfið, sem og starfsmannakostnað sem því fylgir.

85,8% af rekstrarfé Samtakanna '78 fer í fræðslu, ráðgjöf, hagsmunabaráttu, ungmennastarf og félagsstarf. 4% fer í húsnæðiskostnað og um 3,5% í alþjóðamál, stjórn, ráð og nefndir. 6,8% fara í skrifstofu- og stjórnunarkostnað og auglýsinga- og kynningarkostnað.

Allt fé frá hinu opinbera er bundið í samningum sem lesa má nánar um hér að ofan og því hefur verið lögð rík áhersla á að stækka hlut sjálfsaflafjár til að sinna fjölbreyttari verkefnum en einungis þau sem falla undir samninga. Það hefur tekist með miklum ágætum og hefur haldið í við aukningu opinbers fjár. Sjálfsaflafé hefur verið á bilinu 35-45% á tímabilinu 2018-2024.

REKSTRARTEKJUR SAMTAKANNA '78 FRÁ 2017



Ársreikningur Samtakanna '78 2024 er opinber á vefsíðu félagsins.

STARFSFÓLK

Starfsmannahald Samtakanna '78 hefur tekið nokkrum breytingum á starfsárinu. Í júní réð félagið til sín Kára Garðarsson, íþrótt- og stjórnsýslufræðing, en hann sinnti áður stöðu framkvæmdastjóra Íþróttafélagsins Gróttu til fjölda ára. Kára bjóðum við hjartanlega velkominn til starfa.

Bergrún Andradóttir hefur gegnt stöðu skrifstofustýru frá 2022. Hún var upphaflega ráðin í apríl 2021 en Bergrún hefur einnig sinnt starfi aðstoðarframkvæmdastjóra frá nóvember 2023. Sigríður Birna Valsdóttir hefur verið teymisstýra ráðgjafa frá september 2022 og sinnir utanumhaldi ráðgjafabjónustunnar auk þess að bjóða áfram ráðgjöf sem hún hefur gert í um 15 ár. Þorbjörg Þorvaldsdóttir var ráðin verkefnastjóri í apríl 2023 og hefur Þorbjörg sinnt verkefnum tengdum hatursorðræðu, samskiptum, fræðslu til lögreglunnar og eldra hinsegin fólki í þann tíma. Í nóvember 2024 tók Þorbjörg við nýjum titli sem samskipta- og kynningarstjóri Samtakanna '78. Magnús Bjarni Gröndal rekstrarstjóri var ráðinn í nóvember 2023 en hann heldur utan um bókhald og fjármál samtakanna auk þess að sjá um samfélagsmiðla og verkefnastýra viðburðum og samstarfsverkefnum.

Edda Sigurðardóttir var ráðin fræðslustýra í mars 2024, en Edda er menntaður kennari og sat áður í stjórn Samtakanna '78. Hjalti Vigfússon var svo ráðinn í starf verkefnastjóra hinsegin vottunar og hóf hann störf í febrúar 2024, en í vetur 2024 sagði hann starfi sínu lausu og fór að sinna öðrum verkefnum. Er Hjalta þakkað hjartanlega fyrir sín störf.

Fastir starfsmenn á skrifstofu eru því 7 talsins í lok árs.

Daníel E. Arnarsson kvaddi framkvæmdastjórastarfið á vormánuðum og vilja Samtökin '78 óska honum alls hins besta í nýjum verkefnum með hjartans þökk fyrir alla vinnuna í þágu Samtakanna '78 þau sjö ár sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri. Undir hans stjórn blómstraði félagið, öll þjónusta varð faglegri og betri auk þess sem Samtökin '78 vöktu athygli sem sterkt afl í samfélaginu – öllu hinsegin fólki til hagsbóta.

VERKTAKAR

Líkt og með starfsfólk þá hefur verktökum einnig fjölgað á starfsárinu. Verktökum má skipta í tvennt, þau sem vinna í fræðslustarfi Samtakanna '78 og svo þau sem vinna í ráðgjafateymi.

Á síðasta starfsári fór töluverð vinna í breytt fyrirkomulag fræðslustarfsins til að byggja upp sterkt fræðsluteymi. Þær breytingar urðu að Edda Sigurðardóttir var ráðin fræðslustýra og í hennar fræðsluteymi eru Andrea Rói, Bjarndís Helga, Egill Andrason, Hjalti Vigfússon, Kristmundur Pétursson, Uglya Stefanía og Villi Ósk. Samtökin eru mjög stolt af því faglega og færa teymi sem fræðararnir okkar eru.

Ráðgjafateymi Samtakanna '78 hefur eflst til muna á árinu. Einhverjar breytingar hafa orðið á því flotta teymi en í því eru Ivana Goláňová, sálfræðingur, Elín Margrét Ólafsdóttir, sálfræðingur, Margrét Nilisdóttir, sálfræðingur, og Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi, Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi, Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi, Sigurður Ýmir, hjúkrunarfræðingur og Wiesiek Kaminski, meðferðarfræðingur, og bættist við Katrín Sigríður J. Steingrímsdóttir, sálfræðingur. Sigríður Birna Valsdóttir er teymisstýra ráðgjafanna.

Samtökin '78 eru afskaplega rík af mannauði og vilja þakka öllu sínu fólki fyrir óeigingjarna og mikilvæga vinnu á degi hverjum.

STARFSNEMAR Á SKRIFSTOFU – EUROPEAN SOLIDARITY CORPS

Samtökin '78 hafa síðustu árin verið þátttakandi í evrópskum samráðsvettvangi, European Solidarity Corps (ESC) sem snýr að samstöðu, inngildingu og þjálfun ungs fólks og stuðlar að aukinni þátttöku í lýðræðislegu samfélagi í Evrópu. Robin Lubbers sjálfboðaliði hjá félaginu 2023–2024 en hán lauk sjálfboðaliðadöl sinni hjá okkur í september og er háni þakkað innilega fyrir sín störf með félaginu.

Shiloh Lecomte hóf störf sem sjálfboðaliði hjá félaginu í lok septembermánaðar og tók við verkefnum frá Robin. Shiloh sinnir almennri móttöku, hefur umsjón með gagnagreiningu úr fræðsluerindum, aðstoðar í hinsegin kaupfélaginu og hann hefur einnig tekið virkan þátt í starfi hagsmunafélaga og viðburðastarfi. Samtökin '78 bjóða Shiloh innilega velkominn til starfa.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði Samtakanna '78 er of lítið og þjónar ekki starfsemi félagsins lengur. Unnið er að framtíðarlausn á húsnæðismálum með áherslu á aðstöðu starfsfólks, manneskjulegt ráðgjafarými og félagsaðstöðu sem getur þjónað félagsstarfi ólíkra hópa.

Því miður er ekki komin niðurstaða í þau mál en á meðan gerir starfsfólk, stjórn og sjálfboðaliðar sér þá aðstöðu sem við erum með að Suðurgötu 3 og Suðurgötu 8 að góðu.

HEIMASÍÐA

Á heimasíðunni samtökin78.is birta Samtökin '78 helstu fréttir og hægt er að beina öllum erindum í gegnum vefsíðuna, hvort sem það er almenn fyrirspurn, skráning í félagið, beiðni um ráðgjafatíma, bókun á fræðsluerindi, upplýsingar um stuðningshópa og ungmennastarfið ásamt því að vera fyrsti viðkomustaður þeirra sem leita sér upplýsinga um Samtökin '78 erlendis frá. Allar fyrirspurnir fá greiðan farveg í gegnum síðuna.

Heimasíðan er líka hlaðin efni um samtökin og því sem viðkemur samtökunum. Þar er yfirgripsmikið Spurt & svarað sem svarar öllu mögulegu sem viðkemur hinseginleika og starfi samtakanna. Stöðugt er unnið að viðbótum og uppfærslum. Vefsíðan er til upplýsinga fyrir almennar fyrirspurnir en nýtist einnig til þess að koma beiðnum í réttan farveg og sem tæki fyrir starfsfólk til að halda utan um beiðnir og skráningar og nýtist þannig starfi samtakanna vel.

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Samtökin '78 nýta sér samfélagsmiðla til að deila viðburðum, fréttum, skoðanapistlum stjórnar og starfsfólks, auglýsingum og efni í tilefni hinna fjölmörgu daga hinsegin fólks. Samfélagsmiðlar eru einn helsti vettvangurinn sem félagið hefur til þess minna á baráttumál og til þess að auglýsa hvað er framundan í félagsstarfi. Sýnileiki á samfélagsmiðlum skiptir miklu máli, og á árinu 2024 jókst sérstaklega sýnileiki Samtakanna '78 á TikTok miðað við fyrri ár.

AÐALFUNDUR 2024

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn þann 8. mars klukkan 17 í Hátíðarsal Iðnó. Þetta er annað árið í röð sem fundurinn er haldinn síðdegis á föstudegi, til þess að hefja Landsþing hinsegin fólks með krafti. Þessi tími mæltist vel fyrir hjá félagsfólki og nýkjörnu stjórnarfólki sem gat tekið fyllilega þátt í málþingi og skemmtidagskrá daginn eftir. Sjálfan aðalfundinn sóttu hátt í 100 félagar sem öll höfðu greitt atkvæði rafrænt fyrir fundinn. Fundarstjóri var Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, og fundarritari var Gísli Garðarsson, dómritari. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf, dagskrá samkvæmt lögum félagsins, kjör stjórnarfólks og fleira. Bjarndís Helga Tómasdóttir var kjörin formaður til eins árs.

Fimm voru í framboði til stjórnar, en kosið var um þrjú laus sæti til tveggja ára og eitt sæti til eins árs. Fór svo að Hrönn Svansdóttir, Sveinn Kjartansson og Vera Illugadóttir voru kosin til tveggja ára og Hannes Sasi Pálsson til eins árs. Fjögur voru í framboði til félagaráðs og var kosið í síðasta sæti með hlutkesti. Guðrún Úlfarsdóttir, Ragnar Pálsson, Sigríður Ösp Elínborgardóttir og Móberg Ordal voru kjörin í félagaráð.

Ásamt kjöri til stjórnar lágu fyrir fjórar lagabreytingatillögur frá lagabreytinganefnd stjórnar. Voru þær allar samþykktar. Ítarleg fundargerð aðalfundar er opinber á vef Samtakanna '78.

FÉLAGSFUNDIR

Samkvæmt lögum Samtakanna '78 er gert ráð fyrir tveimur lögbundnum félagsfundum á ári. Sá fyrri var haldinn að vori, nánar tiltekið þann 30. maí og sá síðari 26. október. Félagssfundur að vori var tileinkaður starfsemi Samtakanna '78 með ákalli til félaga um hugmyndir og viðbætur – sem og vinnustofu um inngildingu sem fulltrúi félagaráðs, Guðrún Úlfarsdóttir, hélt utan um.

Félagssfundur að hausti var tileinkaður húsnæðismálum félagsins. Samtökin '78 hafa í þónokkurn tíma leitað að nýju húsnæði þar sem Suðurgata 3 rúmar ekki starfsemi félagsins lengur. Alexander Aron Guðjónsson, rafvirki og starfsmaður Lotu verkfræðistofu, sem og stjórnarmeðlimur Hinsegin daga í Reykjavík, fór yfir ástandsskýrslu sem Lota vann fyrir Samtökin '78 á álitlegu húsnæði. Á síðari helmingi fundarins sátu þau Anna Pála Sverrisdóttir, fyrrum formaður samtakanna, Sveinn Kjartansson stjórnarmaður og Ragnhildur Sverrisdóttir fyrrum stjórnarmaður í pallborði og spjölluðu um húsnæði samtakanna í sögulegu samhengi.

Samkvæmt lögum skal kosin kjörnefnd fyrir aðalfund á félagsfundi að hausti, en hún var kosin á auka-félagsfundi í byrjun janúar. Þrjár voru í framboði og kjör þeirra var staðfest einróma af fundargestum. Kjörnefnd skipa því Alexandra Briem, María Yngvinsdóttir og Kolbrún Ósk Pétursdóttir.

Eins er bent á að fundargerðir félagsfunda eru opinberar á vef Samtakanna '78.

STJÓRN OG ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Stjórn Samtakanna '78 2024–2025 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður

Kristmundur Pétursson, varaformaður

Vera Illugadóttir, ritari

Jóhannes Þór Skúlason, gjaldkeri

Sveinn Kjartansson, meðstjórnandi

Hrönn Svansdóttir, meðstjórnandi

Hannes Sasi Pálsson, meðstjórnandi

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 8. mars 2024. Stjórn fundaði formlega 24 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, samtokin78.is.

Áheyrnarfulltrúi félagaráðs í stjórn var Sigríður Ösp Elínborgar.

FÉLAGARÁÐ

Félagaráð Samtakanna '78 2024–2025 var skipað eftirfarandi aðilum:

Ragnar Pálsson, oddviti

Sigríður Ösp Elínborgar, áheyrnarfulltrúi í stjórn

Guðrún Úlfarsdóttir, varaáheyrnarfulltrúi í stjórn

Saga Emelía Sigurðardóttir

Móberg Ordal

Félagaráð fundaði einu sinni á árinu og hafði einnig umsjón með vinnustofu á félagsfundi að vori.

MINNINGARORÐ

Samtökin '78 fengu þær sorglegu fregnir í upphafi árs 2025 að meðlimur félagaráðs, Saga Emelía Sigurðardóttir, væri látin aðeins 53 ára að aldri. Saga Emelía tók virkan þátt í félagsstarfi hjá Samtökunum '78 og lét mikið til sín taka á fundum félagsins. Hún kom út opinberlega sem trans kona árið 2019. Saga Emelía brann fyrir jafnréttismálum og var t.a.m. virk innan félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Saga Emelía lauk háskólaprófum bæði í sagnfræði og stjórn málafræði, og starfaði lengi sem leiðsögumaður. Samtökin '78 votta vinum hennar og aðstandendum samúð sína og þakka henni um leið fyrir framlag sitt til félagsins og baráttu hinsegin fólks á Íslandi.

HAGSMUNARÁÐ

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum félagaráðs. Hagsmunaráð Samtakanna '78 2024–2025 var skipað eftirfarandi aðilum:

Þorbjörg Bergmann, Ásar á Íslandi

Sigurður Júlíus Guðmundsson, Bangsafélagið

Sindri Freyr Bjarnason, BDSM á Íslandi

Jórunn Þórkötludóttir, FAS – félag aðstandenda og foreldra

Kitty Anderson, Intersex Ísland

Hermann Kristinn, HIN - Hinsegin norðurland

Natalía Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska, Hinsegin Austurland

Helga Haraldsdóttir, Hinsegin dagar

Atli Björn Helgason, Hinsegin kórinn

Fannar Þór Einarsson, Q – félag hinsegin stúdenta

Reyn Alpha Magnúsar, Trans Ísland

Birna Björg Guðmundsdóttir, Trans vinir

UNGMENNARÁÐ

Á aðalfundi 2021 var samþykkt að stofna ungmennaráð. Tilgangur ungmennaráðs er að þau sem eru yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í Samtökunum '78.

Ungmennaráðið er starfrækt hvert skólaár undir handleiðslu forstöðustýris og starfsfólks Hinsegin félagsmiðstöðvar fyrir 13–15 ára hjá Samtökunum '78 og Tjörninni. Fulltrúar eru kosnir á vettvangi félagsmiðstöðvarinnar í upphafi skólaárs. Ungmennaráð skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn Samtakanna '78 og varafulltrúa.

Ungmennaráð Samtakanna '78 var því miður ekki virkt á árinu 2024. Stefnt er að því að endurvekja ráðið á árinu 2025.

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Bjarni Þóroddsson og Svanhildur Holm Valsdóttir voru kjörin skoðunarmenn reikninga á aðalfundi 2024.

STARFSHÓPAR OG NEFNDIR INNAN SAMTAKANNA '78

Tilkynnt var um einn starfshóp innan Samtakanna '78, en það er hópur eldra fólks, Öldungadeildin. Hafa þau lýst yfir áhuga á því að vera formlegur hluti skipurits samtakanna og að hafa áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum. Von er á lagabreytingartillögu þess efnis á aðalfundi 2025.

FAGRÁÐ SAMTAKANNA '78

Aðalfundur Samtakanna '78 sem haldinn var í mars 2018 samþykkti siðareglur samtakanna. Í siðareglunum er gert ráð fyrir því að fylgja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Vinna við aðgerðaráætlunina hófst í nóvember 2018 en þá var óskað eftir fulltrúum til að skipa hóp um aðgerðaráætlun gegn ofbeldi (HAGO). Aðgerðaráætlunin var kynnt á félagsfundi 25. maí 2019 og kallað eftir athugasemdum. Hún var síðar samþykkt á félagsfundi 9. nóvember 2019.

Samkvæmt aðgerðaráætluninni ber Samtökunum að starfrækja fagråd og hafa gert það undanfarin ár. Þær breytingar urðu á fagráðinu árið 2024 að Katrín Oddsdóttir tók þar sæti í stað Hafðísar Ingu Hinriksdóttur, sem setið hefur í fagráði síðan 2022. Við þökkum Hafðísi kærlega fyrir sitt framlag. Þær Katrín Oddsdóttir og Karitas Hrund Harðardóttir skipa því fagråd Samtakanna '78 frá hausti 2024, en Karitas hefur setið í fagráði Samtakanna '78 frá 2022. Unnið er að endurskoðun aðgerðaráætlunar gegn ofbeldi, sem þarfnast uppfærslu.

HINSEGIN DAGAR – REYKJAVÍK PRIDE

